

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2015-2016



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



**Forsíðumyndina tók Elín H. Bjarnadóttir.
Hún vann ljósmyndakeppnina Blindir sjá sem haldin var af
JCI hreyfingunni í samvinnu við Blindrafélagið**

Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2015-2016

SKÝRSLA STJÓRNAR 5

Breytingar á stjórn á starfsárinu	5
Yfirlýsing frá stjórn Blindrafélagsins	6
Sátt á félagsfundi 2. mars.....	9
Aðgengismál	9
Alþjóðasamstarf	10
Ferðapjónusta Blindrafélagsins	10
Leiðsöguhundaverkefnið.....	11
Samstarfsfundur	11
Gulllampinn	11
Fræðslumyndin Lifað með sjónskerðingu	11
Dagur Hvíta stafsins	12
Félagsfundir	12
Samstarfsaðilar	13
Ljósmyndasamkeppnin Blindir sjá	14
Víðsjá – tímarit Blindrafélagsins	14
Lokaorð.....	14

STARFSEMI SKRIFSTOFU 15

Nýtt bókhalds- og upplýsingakerfi.....	16
Ferðapjónusta Blindrafélagsins	16
Hjálpartæki	17
Smávara og vefverslun	17
Tækjaleiga.....	17
Þjónustusamningar og fengnir styrkir.....	18
Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2015	18
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	19
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	19
Aðrir styrkir og gjafir.....	19
Fjárafilanadeild Blindrafélagsins	19
Fjárafilanir 2015.....	19
Happdrætti	20
Víðsjá.....	20

Jóla kort	21
Leiðsöguhundadagatöl	21
Bakhjarlar	22
Fyrirtækjasöfnun	22
Þríkrossinn	22
Rekstur fasteigna	23
Útleiga og nýting íbúða	23
Stigahlíð 71	24
Félagsmáladeild	24
Ársskýrsla 2016 fyrir tæknimál Blindrafélagsins	24
Vefvarp Blindrafélagsins	25
Aðgengismál	26
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra	28
Ársskýrsla kynningarfulltrúa árið 2014	29
Ársskýrsla kynningarfulltrúa árið 2015	30
Ársskýrsla trúnaðarmanna	31
Mötuneyti Blindrafélagsins	32
Skýrsla alþjóðafulltrúa	33
Ársskýrsla ráðgjafa	35
FÉLAGSSTARFIÐ	36
Ársskýrsla bókmenntaklúbbs	36
Skýrsla skemmtinefndar	36
Ársskýrsla Ferða- og útvistarnefndar Blindrafélagsins 2015 – 2016	37
Sunnudagsgöngurnar:	38
Skýrsla Tólmstundanefndar 2015-2016	39
Þrjónakvöld	40
Opið hús	40
Opið hús á laugardögum	41
Starfsemi deilda félagsins	42
Ársskýrsla Norðurlandsdeildar	42
Ársskýrsla Suðurlandsdeildar	43
Ársskýrsla Vesturlandsdeildar	43
Ársskýrsla Suðurnesjadeildar	44

Skýrsla Retina Ísland	45
Ársskýrsla AMD-deildar	46
Ársskýrsla foreldradeildar	47
Ársskýrsla Ungblind	48
Valdar greinar – 40. árgangur 2015.....	49
Innlestri blaðagreina hætt	50
Hljóðtímaritaútgáfa	51
Útgáfa Valinna greina – bylting í fjölmiðlun fyrir blint og	52
sjónskert fólk	52
Innlestur.....	52
Launaðir ritstjórar.....	53
Meira efni frá Blindrafélaginu	53
Hljóðtímaritið Tímaritsgreinar.....	54
 SJÓÐIR FÉLAGSINS AUK STYRKJA OG FRAMLAGA TIL	
NEFNDA OG DEILDA.....	55
 Verkefnasjóður Blindrafélagsins	55
Stuðningur til sjálfstæðis	55
Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur	56
Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur.....	56
Blind börn á Íslandi.....	56
Ársskýrsla sjóðsins Blind börn á Íslandi	57
 Styrkir og framlög Blindrafélagsins til nefnda og deilda.....	58
 AÐRAR SKÝRSLUR.....	58
 Blindravinnustofan 2015.....	58
Stutt yfirlit yfir starfsemi Hljóðbókasafns Íslands	59
Ársskýrsla Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og	
heyrnarskerðingu.....	61
Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta	
og daufblinda einstaklinga	63
Börn og ungmenni	64
Hjálpartæki og endurgreiðslur.....	65
Bókagerð og framleiðsla námsefnis	65

Þróunarverkefni	66
Þakkir	66

Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar
Blindrafélagsins fyrir starfsárið
2015–2016 gerir grein fyrir
helstu áherslum og nýjungum í
starfi og stefnumótun stjórnar
félagsins á starfsárinu.

Varðandi ítarlegri upplýsingar
vísast í fundargerðir stjórnar
sem eru aðgengilegar á
heimasíðu félagsins.

Stjórn Blindrafélagsins
starfsárið 2015–2016 hélt
samtals 17 stjórnarfundir. Í
upphafi starfsársins var
stjórnarskipan eftirfarandi:
Bergvin Oddsson formaður
Halldór Sævar Guðbergsson
varaformaður
Lilja Sveinsdóttir ritari
Rósa María Hjörvar gjaldkeri
Baldur Snær Sigurðsson
meðstjórnandi

Guðmundur Rafn Bjarnason
varamaður
María Hauksdóttir varamaður
Patrekur Andrés Axelsson
varamaður
Rósa Ragnarsdóttir varamaður

Samkvæmt lögum félagsins eru
formaður og stjórnarmenn
kosnir til tveggja ára í senn og
er helmingur stjórnar kosinn á
hverju ári. Þeir sem voru kosnir
fyrir tveimur árum og eru því
að ljúka tveggja ára kjörtímabili
á þessum aðalfundi eru:

Bergvin Oddsson, Halldór
Sævar Guðbergsson, Lilja
Sveinsdóttir, Guðmundur Rafn
Bjarnason og Rósa
Ragnarsdóttir.

Breytingar á stjórn á starfsárinu

Á stjórnarfundinum 22.
september samþykkti stjórn og
varastjórn
vantraustsyfirlýsingu á
formann félagsins, Bergvin
Oddsson. Í kjölfarið var boðað
til félagsfundar sem haldinn
var þann 30. september. Á þeim
fundinum, sem var mjög fjölmennur,

var samþykkt ályktun sem fól í
sér að Bergvin Oddsson stigi til
hliðar sem formaður, að
aðalfundi yrði flýtt sem kostur
væri og að skipuð yrði
sannleiksnefnd til að leggja mat
á þá atburðarás sem leiddi til
þess að stjórn félagsins lýsti yfir
vantrausti á formann. Skýrslan

skyldi kynnt félagsmönnum fyrir aðalfund 2016. Skýrsla sannleiksnefndarinnar er aðgengileg á heimasíðu Blindrafélagsins, á vefvarpinu og á Völdum greinum. Að félagsfundinum loknum tók Halldór Sævar Guðbergsson við sem starfandi formaður, Rósa

María Hjörvar varð varaformaður, Lilja Sveinsdóttir var áfram ritari, Baldur Snær Sigurðsson varð gjaldkeri og Rósa Ragnarsdóttir varð aðalmaður í stjórn og meðstjórnandi.

Yfirlýsing frá stjórn Blindrafélagsins

Þann 29. febrúar sá stjórn Blindrafélagsins sig knúna til að senda frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:
„Kæru félagsmenn.
Eins og ykkur er eflaust orðið ljóst fyrir löngu höfum við undirrituð í stjórn Blindrafélagsins sem tókum ákvörðun um að lýsa vantrausti á Bergvin Oddsson, formann félagsins, talið það farsælast fyrir félagið að halda umræðunni um ástæðurnar sem mest innan félagsins en sem minnst á opinberum vettvangi. Við tókum sömu afstöðu þegar skýrsla sannleiksnefndarinnar var lögð fram og ákváðum að láta innihald hennar tala sínu máli og gefa félagsmönnum tækifæri til að taka afstöðu til hennar hver fyrir sig á sínum eigin

forsendum. Þegar beðið var um nýjan félagsfund til að fjalla um vantraustið á Bergvin ákváðum við að verða við þeirri beiðni enda þótt enginn gangi þess dulinn að heppilegast sé að láta komandi aðalfund setja punktinn aftan við þau átök og deilur sem því miður hafa gegnsýrt félagsstarfið að undanfögnu.
Margir hafa sýnt því skilning að við höfum viljað halda í lágmarki opinberri umræðu um deilur innan félagsins, hvort heldur sem er í fjölmiðlum eða á vefsíðu okkar. Þeir eru líka margir sem hafa gagnrýnt það að við höfum ekki svarað fyrir okkur þegar Bergvin hefur tjáð sig í fjölmiðlum eða túlkað skýrslu sannleiksnefndarinnar eftir sínu eigin höfði án þess að við höfum gripið til andsvara.

Þessi ákvörðun okkar hefur einvörðungu helgast af þeirri bjargföstu trú að best sé að halda umræðunni sem allra mest innan fundarherbergja félagsins ef svo má segja. Því miður virðist hins vegar orðið endanlega ljóst að hagur Blindrafélagsins er ekki það sem rekur Bergvin Oddsson áfram né heldur þá sem eru í slagtogi með honum. Skýrsla sannleiksnefndarinnar er ekki hvítþvottur fyrir Bergvin Oddsson. Frá því er langur vegur. Hún tekur í fyrsta lagi af öll tvímæli um að Bergvin var í raun eins og fill í glervöruverslun allar götur frá því að hann settist í formannsstólinn. Í skýrslunni eru m.a. nefnd ámælisverð afskipti formannsins af innkaupum vegna bjórsmökkunarnámskeiðs, afsögn formanns skemmtinefndar vegna afskipta stjórnarformannsins, gerræðisleg vinnubrögð gagnvart framkvæmdastjóra félagsins, tilraun formanns til að hækka eigið starfshlutfall en minnka lögbundið verksvið framkvæmdastjóra, varsla og skil á áfengi eftir jólafund, umdeild afskipti af hefðbundnu

fyrirkomulagi jólagjafa til starfsfólks félagsins og áfram mætti lengi telja. Í öllum tilfellum var formaðurinn í einkadansi og engum takti við félaga sína í stjórninni. Í öðru lagi rekur sannleiksnefndin atburðarásina í kringum það mál sem fyllti mælinn og knúði stjórnina til tafarlausra aðgerða. Misnotkun Bergvins á aðstöðu sinni þegar hann lokkaði ungan varastjórnarmann sinn, Patrek Andrés Axelsson, til þess að leggja allt sparifé sitt inn á einkareikning sinn til þess að nota í fasteignabrask er algjörlega óafsakanlegur dómgreindarskortur. Um þann dómgreindarskort er sannleiksnefndin ekki í nokkrum vafa. Og skýrslan leiðir það einnig í ljós að í u.þ.b. hálft ár tókst Bergvini að koma í veg fyrir að félagar hans í stjórninni fengju nokkurn pata af viðskiptatengslum hans og þessa unga varastjórnarmanns. Sú mikla leynd sem Bergvin vildi alla tíð að hvíldi yfir samskiptum þeirra er ein og sér ákaflega sérstök, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þegar Patrekur leitaði til stjórnarinnar um aðstoð við að

fá peninga sína til baka blasti við veruleg hættu á því að málið rataði í fjölmiðla. Ef stjórnin hefði ekki brugðist tafarlaust við hefði kastljós fjölmiðlanna beinst að fjármálalegri misnotkun, blekkingum og þöggun innan Blindrafélagsins. Hún hefði beinst að meintri misnotkun formannsins sem stjórnin neitaði að grípa inn í þrátt fyrir eindregna og örvæntingarfulla beiðni fórnarlambins. Og gleymum því ekki að enda þótt Patrekur sé nýlega orðinn lögráða er hann ungur að árum og að auki í þeirri lamandi stöðu að hafa nýlega fengið úrskurð um ólæknandi blindu sína. Öll þekkjum við angistina og óöryggið sem slíkum tíðindum fylgja. Þess vegna er Blindrafélagið svo mikilvæg stoð og stytta okkar og löng hefð er fyrir því að í þeim efnum er formaður félagsins fremstur í flokki. Í þessu tilfelli brást Bergvin hlutverki sínu gróflega. Framhjá þeirri staðreynd gat stjórn félagsins aldrei litið. Hún varð að grípa í taumana og afstýra því sem ella hefði orðið að stórslysi. Um þetta fjallar skýrsla sannleiksnefndarinnar. Hún

fjallar líka um margt sem betur hefði mátt fara í verklagi stjórnarinnar þegar ákvörðun um vantraust á formanninn var tekin. Hún gagnrýnir ekki ákvörðunina sjálfa heldur aðdraganda hennar. Það er auðvitað algjört lykilatriði. Nefndin gerir enga athugasemd við það að stjórnin hafi brugðist við beiðni Patreks með viðunandi hætti. Sannleiksnefndin bendir líka á nauðsyn þess að Blindrafélagið komi sér upp siðareglum og skýrum verkferlum. Við erum sammála nefndinni um það og vonandi er að aðalfundurinn okkar verði með þeim hætti að ný stjórn geti tekið við og einbeitt sér að uppbyggjandi málum morgundagsins í stað þess skotgrafahernaðar sem því miður hefur verið allsráðandi síðustu vikurnar. Með bestu kveðju og von um bjartari tíma með hækkandi sól, á hlaupársdeginum 29. febrúar 2016, “
Halldór Sævar Guðbergsson, starfandi formaður.
Rósa María Hjörvar, varaformaður.
Lilja Sveinsdóttir, ritari.
Baldur Snær Sigurðsson,

gjaldkeri.
Rósa Ragnarsdóttir,
meðstjórnandi.

Guðmundur Rafn Bjarnason,
varamaður.

Sátt á félagsfundi 2. mars.

Á fjölmennum félagsfundi
Blindrafélagsins miðvikudaginn
2 mars var eftirfarandi
ályktunartillaga frá stjórn
félagsins samþykkt samhljóða.

Mál er að deilum í tengslum við
vantraust stjórnar
Blindrafélagsins á formann
félagsins linni. Því miður hafa
félagsmenn neyðst til að setja
sig inn í efnisatriði þessara
deilna og taka afstöðu til þeirra.
Það er einnig miður að
deilurnar skuli ítrekað hafa
verið til umfjöllunar í
fjölmiðlum
og hafa hugsanlega skaðað
ímynd Blindrafélagsins.
Formaður félagsins hefur nú
beðið félagsmenn afsökunar á
mistökum sínum og stjórnin
hefur tekið undir með
sannleiksnefndinni um að
margt hefði mátt betur fara í

vinnubrögðum hennar og
samskiptum við formanninn og
biðst hún afsökunar á því.

Félagsfundurinn telur það ekki
þjóna hagsmunum
Blindrafélagsins að útkljá
deilurnar á þessum fundi með
því að taka afstöðu með öðrum
hvorum deiluaðilanna. Sé
einhvers konar uppgjör þeirra í
millum óhjákvæmilegt er
aðalfundurinn sem framundan
er og kosning á honum til
næstu stjórnar eðlilegasti
vettvangur þess. Þess vegna
samþykkir fundurinn að lýsa
yfir vonbrigðum sínum með
atburðarás undanfarinna
mánuði og lætur í ljós von um
að aðalfundurinn 19. mars nk.
geti orðið upphaf nýrrar
uppbyggingar trausts og
samstöðu innan félagsins.

Aðgengismál

Aðgengismál er málaflokkur
sem birtist í flestum þeim
viðfangsefnum sem snúa að
blindum og sjónskertum
einstaklingum og möguleikum

þeirra til virkrar
samfélagslegrar þátttöku.
Megináhersla stjórnar félagsins
á starfsárinu hefur verið
aðgengi að upplýsingum og

rafrænt aðgengi og aðgengilegir símar fyrir þá sem ekki geta nýtt sér snjallsíma. Varðandi

frekari upplýsingar vísast í kaflann um tæknimál í skýrslu um starfsemi skrifstofu.

Alþjóðasamstarf

Í Norðurlandasamstarfinu bar það hæst að samnorðnað ráðstefna, sem haldin er annað hvert ár, var í ár haldin á Íslandi, nánar tiltekið á Hótelinu Glym í Hvalfirði dagana 30. ágúst til 3. september. Þessa ráðstefnunnar var um blind og sjónskert börn og ungmenni. Að venju voru einnig haldnir samstarfsfundir forustu norrænu blindrafélaganna og norrænir kvennafundir.

Í október 2015 sóttu Halldór Sævar Guðbergsson,

Markakaisa Matthíasson og Rósa María Hjörvar þing European Blind Union. Þeim til aðstoðar var Lára Kristín Kristinsdóttir, starfsmaður á skrifstofu Blindrafélagsins.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomiteé (NSK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Ferðaðþjónusta Blindrafélagsins

Áfram hefur verið unnið að því að koma á samningi um ferðaðþjónustu við sveitarfélög þar sem byggt er á hinum góða samningi við Velferðarsvið Reykjavíkur frá því í mars 2015. Áhersla hefur verið lögð á að gefa lögblindum einstaklingum búsettum úti á landi kost á ferðaðþjónustu á

höfuðborgarsvæðinu þegar þeir ættu þangað erindi. Dómsmál við Kópavogsbæ er í uppsiglingu og Hafnarfjörður hefur samið við Hreyfil um ferðaðþjónustu sem virðist að miklu leyti byggð á Ferðaðþjónustu Blindrafélagsins. Frekari upplýsingar um ferðaðþjónustuna er að finna í

sérskýrslu um Ferðapjónustu
Blindrafélagsins.

Leiðsöguhundaverkefnið

Á árinu tóku þrír nýir leiðsöguhundar til starfa, Bono sem þjálfaður var á Íslandi og bræðurnir Zoren og Oliver sem keyptir voru frá Svíþjóð. Tveir af hundunum sem komu frá Noregi 2008 eru farnir á	eftirlaun. Leiðsöguhundaverkefnið er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
---	--

Samstarfsfundur

Samstarfsfundir stjórnar, nefnda og deilda félagsins voru haldnir að venju í september og janúar. Fundirnir voru vel sóttir, um 30 manns á hvorum fundi, og almenn ánægja með	hvernig til tókst. Megintilgangur þessara funda er að kynna og samræma allt það fjölbreytta starf sem unnið er innan Blindrafélagsins.
---	---

Gulllampinn

Laugardaginn 24. október kl. 12:30 blés Norðurlandsdeild Blindrafélagsins til félagsfundar að Skipagötu 14, í sal Lionsklúbbsins Hængs. Megintilefni fundarins var að veita tveimur heiðursmönnum sem haldið hafa starfi	Norðurlandsdeildarinnar gangandi um áratugaskeið Gulllampa Blindrafélagsins. Þessir heiðursmenn eru Karl Ásgeirsson og Pálmi Stefánsson. Vel var mætt á fundinn.
--	--

Fræðslumyndin Lifað með sjónskerðingu

Þriðjudaginn 20. október var sýnd á RÚV íslensk heimildamynd þar sem fylgst er	með sex blindum og sjónskertum einstaklingum á öllum aldri í sínu daglega lífi og
--	---

hvernig þeir takast á við sjónmissinn með ólíkum hætti. Myndin var gerð að frumkvæði Blindrafélagsins og með stuðningi Blindravinafélags Íslands. Verkefnastjóri var

Kristinn Halldór Einarsson og dagskrárgerð var í höndum Söndru Helgadóttur. Myndina er hægt að sjá á YouTube svæði Blindrafélagsins.

Dagur Hvíta stafsins

Á degi Hvíta stafsins, 15. október, bauð Blindrafélagið félagsmönnum sínum og velunnurum til kaffisamsætis í Hamrahlíð 17, milli kl. 15 og

16. Að samsætinu loknu var farið í Kringluna þar sem sjónskert fólk með Hvítan staf var sýnilegt meðal almennings og sinnti erindum sínum.

Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir þrír félagsfundir. Fyrsti fundurinn var haldinn 30. september og var á honum fjallað um vantraustsyfirlýsingu stjórnar Blindrafélagsins á Bergvin Oddsson formann. Niðurstaða fundarins var að skipa sannleiksnefnd til að leggja mat á atburðarásina sem leiddi til vantraustsyfirlýsingarinnar. Á seinni félagsfundinum sem haldinn var dagana 9. og 10. febrúar kynnti sannleiksnefndin niðurstöður sínar. Á þeim fundi var tillögu um að skora á stjórn félagsins að

draga vantraustyfirlýsingu sína á Bergvin Oddson til baka vísað frá með 77% greiddra atkvæða. Þriðji fundurinn var svo haldinn 2. mars að ósk 15 félagsmann og áfram var rætt um skýrslu sannleiksnefndarinnar. Á þeim fundi var samþykkt samhljóða eftirfarandi ályktunartillaga frá stjórn félagsins:

„Mál er að deilum í tengslum við vantraust stjórnar Blindrafélagsins á formann félagsins linni. Því miður hafa félagsmenn neyðst til að setja sig inn í efnisatriði þessara deilna og taka afstöðu til þeirra. Það er einnig miður að

deilurnar skuli ítrekað hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og hafa hugsanlega skaðað ímynd Blindrafélagsins. Formaður félagsins hefur nú beðið félagsmenn afsökunar á mistökum sínum og stjórnin hefur tekið undir með sannleiksnefndinni um að margt hefði mátt betur fara í vinnubrögðum hennar og samskiptum við formanninn og biðst hún afsökunar á því.

Félagsfundurinn telur það ekki þjóna hagsmunum Blindrafélagsins að útkljá deilurnar á þessum fundi með

því að taka afstöðu með öðrum hvorum deiluaðilanna. Sé einhvers konar uppgjör þeirra í millum óhjákvæmilegt er aðalfundurinn sem framundan er og kosning á honum til næstu stjórnar eðlilegasti vettvangur þess. Þess vegna samþykkir fundurinn að lýsa yfir vonbrigðum sínum með atburðarás undanfarinna mánuði og lætur í ljós von um að aðalfundurinn 19. mars nk. geti orðið upphaf nýrrar uppbyggingar trausts og samstöðu innan félagsins.

Stjórn Blindrafélagsins“

Samstarfsaðilar

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður

- Blindravinafélag Íslands og Blindrafélagið,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Öryrkjabandalag Íslands.

Ljósmyndasamkeppnin Blindir sjá

Í ágúst voru veitt verðlaun í ljósmyndasamkeppni JCI fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga sem hleypt var af stokkunum í mars.

Ágætispátttaka var í keppninni og voru myndir úr henni notaðar á leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins 2016.

Víðsjá – tímarit Blindrafélagsins

Að venju var Víðsjá gefin út tvisvar á starfsárinu og send til um 20 þúsund einstaklinga. Miðað við dreifingu Víðsjár er blaðið eitt best lesna tímarit sem gefið er út á Íslandi, og ekki síst ef marka má skoðanakönnun Capacent Gallup frá 2014. Í harðnandi samkeppni á auglýsinga- og styrktarmörkuðum hefur bæði auglýsingum fjölgað og afkoma af blað- og happdrættisölu

batnað á árinu og er það til marks um fagleg vinnubrögð og fróðlega jákvæða umfjöllun um starfsemi félagsins og síðast en ekki síst líf og störf blindra og sjónskertra vítt og breitt um landið. Bætt afkoma gefur félaginu kost á að styrkja enn frekar starfsemi sína og um leið stjórn og kost á að hrinda fleiri verkefnum í framkvæmd til hagsbóta fyrir félagsmenn sína.

Lokaorð

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem komið hafa að því að gera starfsemi Blindrafélagsins eins blómlega og raun ber vitni, kærar þakkir fyrir sitt verðmæta framlag. Það hafa verið erfiðari tímar á þessu starfsári en ég hef áður upplifað í félaginu okkar. Það breytir því hins vegar ekki að það er

umtalsverð vinna sem liggur í því að skipuleggja það mikla og blómlega starf sem á sér stað í deildum, nefndum og klúbbum innan félagsins. Og fyrir það ber að þakka þeim félagsmönnum sem að hafa komið.

Þrátt fyrir að erfiðleikar hafi verið í innra starfi félagsins hefur rekstur þess gengið vel.

Með því að lækka kostnað hefur tekist að bæta afkomu af rekstri félagsins nokkuð. Það sama má reyndar segja um rekstur Blindravinnustofunnar, sem einnig gekk vel á árinu 2015. Raunar er það svo að það eru mörg ár frá því að bæði félagið og vinnustofan hafa skilað jafn góðri rekstrarafkomu á sama árinu.

Starfsfólki félagsins eru einnig færðar kærar þakkir fyrir vel unnin störf og trúmennsku í garð félagsins og félagsmanna. Velunnurum félagsins eru jafnframt færðar kærar þakkir fyrir dýrmætan stuðning. Sömuleiðis færi ég svo

stjórnarmönnum kærar þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Á næsta starfsári býða okkar mikilvæg og verðug verlefni sem snú að því að styrkja innra starf félagsins og setja okkur starfs- og siðareglur sem standast nútímaviðhorf um fagmennsku og gegnsæi og byggja á gildum Blindrafélagsins sem er: Jafnrétti, Sjálfstæði, Umburðarlindi og Virðing.

F.h. stjórnar Blindrafélagsins,
Halldór Sævar Guðbergsson,
starfandi formaður

Starfsemi skrifstofu

Við lok ársins 2015 voru 20 einstaklingar hjá félaginu í 14,2 stöðugildum. Þeir eru, taldir í stafrófsröð:
Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi.
Baldur Snær Sigurðsson, tölvuráðgjafi.
Bergvin Oddsson, formaður stigin til hliðar.
Brynja Arthúrsdóttir, aðaltrúnaðarmaður og kynningarfulltrúi.

Elín Bjarnadóttir, trúnaðarmaður.
Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.
Gunnlaugur Dan Sigurðsson, húsvörður.
Halldór Sævar Guðbergsson, starfandi formaður.
Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustu blindra.

Katrín Gunnarsdóttir,
ræstingar.
Kristinn Halldór Einarsson,
framkvæmdastjóri.
Kristín Waage, bókari.
Lára Kristín Lárusdóttir,
afgreiðsla og sala hjálpartækja.
Margrét Pálsdóttir,
fjáröflunarfulltrúi.
Marjakaisa Matthíasson,
alþjóðafulltrúi og starfsmaður
deilda.

Steinunn Hákonardóttir,
félagsmálafulltrúi.
Steinar Björgvinsson,
aðgengisfulltrúi.
Rósa María Hjörvar, ritstjóri
Viðsjár.
Þórkatla Norðquist,
matartæknir í eldhúsi.

Heildarstarfsmannakostnaður
félagsins árið 2015 nam 82
m.kr. að meðtöldum
launatengdum gjöldum.

Nýtt bókhalds- og upplýsingakerfi

Í upphafi árs var tekið í notkun
nýtt bókhaldskerfi, DK. Árið á
undan hafði verið tekið í gagnið
DK-launakerfi. Í ljósi þess að
óhjákvæmilegt var að taka í
notkun nýtt launakerfi var sú
ákvörðun tekin að að fara með
allt bóhald, birgðahald, sölu,
innheimtu og félagaskrá í DK-

kerfið frá og með 1.1.2015.
Undirbúningur hófst um mitt
ár 2014 og í upphafi 2015 var
nýtt DK-kerfi komið í notkun
hjá bæði félaginu og
vinnustofunni. Þessi breyting
felur í sér að nýtt og öflugt kerfi
leysir af hólmi þrjú önnur kerfi
sem voru í notkun hjá félaginu.

Ferðapjónusta Blindrafélagsins

Í lok ársins 2015 voru 543
einstaklingar með
ferðapjónustusamninga. Þar af
eru 97 sem eru utan
sveitarfélaga með samning um
þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt
af ferðunum auk umsýslugjalds
sem er kr. 100 kr. á ferð.

Ferðafjöldinn milli ára hefur
aukist um 683 ferðir alls, sem
er um 1,8% aukning. Hér fyrir
neðan eru upplýsingar um
skiptingu ferða milli
sveitarfélaga sem
Blindrafélagið er í samstarfi við
með ferðapjónustu.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyri	723.549	575	1.258
Akureyri, ferðir í Reykjavík	288.718	243	1.188
Árborg	17.579	15	1.172
Blönduósbær	100.686	70	1.438
Garðabær	1.161.228	522	2.225
Hafnarfjörður	1.636.476	775	2.167
Ísafjarðarbær	3.930	4	983
Ísafjarðarbær, ferðir í Reykjavík	48.435	32	1.514
Kaldrananeshreppur, ferðir í Reykjavík	21.443	15	1.430
Reykjavíkurborg	64.353.971	36.208	1.777
Seltjarnanesbær	1.487.974	780	1.907
Stykkishólmsbær	12.578	9	1.398
Samtals	69.856.567	39.248	
Notendur með 21% afslátt	1.808.767	974	1.857

Hjálpartæki

Smávara og vefverslun

Blindrafélagið hefur um nokkurra ára skeið selt ýmiss konar smávöru fyrir blinda og sjónskerta. Einkum eru í boði vörur frá Maxi Aids í Bandaríkjunum. Salan 2015 nam um 1,5 m.kr. sem er svipuð tala og 2014. Hluti sölunnar fer fram í gegnum vefverslun félagsins. Í vefversluninni eru myndir og verð á öllum hlutum

sem þar eru seldir. Álagning á þessum smávörum er mjög lítil og fá félagsmenn Blindrafélagsins þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast á sjálfri sölunni.

Tækjaleiga

Fyrir nokrum árum hóf Blindrafélagið að leigja út dýr og sérhæfð hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð skólum

og stofnunum til að auðvelda þeim að afla sér nauðsynlegra tækja við kennslu fyrir blinda og sjónskerta nemendur. Gerður er leigusamningur milli

Blindrafélagsins og leigutakans sem skuldbindur sig til að leigja viðkomandi tæki í 12–36 mánuði. Auk þessara lestækja leigir Blindrafélagið einnig út vefvarpstæki til Þjónustu- og

þekkingarmiðstöðvarinnar sem svo úthlutar þeim sem hjálpartækjum. Nokkrir einstaklingar leigja jafnframt vefvarpstæki.

Þjónustusamningar og fengnir styrkir

Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2015

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarráðuneytið sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins. Í lok ársins 2015 var gerður nýr þjónustusamningur fyrir árin 2016 og 2017 við ráðuneytið	sem hljóðar upp á 8 m.kr. framlag hvort ár. Pegar fjárframlög frá ríkinu til Blindrafélagsins eru borin saman við rekstrarkostnað félagsins undanfarin ár kemur þetta í ljós:
--	--

Ár	Upphæð	Rekstrargjöld	% af gjöldum
2007	15.200.000	147.576.996	10,30%
2008	10.000.000	205.790.809	4,86%
2009	10.000.000	152.966.609	6,54%
2010	8.000.000	166.860.764	4,79%
2011	8.000.000	181.671.715	4,40%
2012	7.800.000	195.474.686	3,99%
2013	7.800.000	197.787.637	3,94%
2014	7.800.000	202.732.328	3,85%
2015	8.000.000	207.800.636	3,85%

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Núgildandi	samningur var gerður til þriggja ára í marsmánuði 2015 og hljóðaði hann uppá 4.120.000 kr. á ári út samningstímann.
--	---

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna.	Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2015 var 4,3 m.kr.
--	--

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum	aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.
---	--

Fjáraflanadeild Blindrafélagsins

Fjáraflanir 2015

Rekstur og verkefni Blindrafélagsins eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Nálægt helmingur af rekstrarfé félagsins kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök	leita eftir styrkjum hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og erfiðara er nú en áður að sækja í þeirra sjóði. Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum.
---	---

Varðandi upphæðir fjáraflana var ákveðið að gæta þess að láta þær ekki sitja eftir og hækka í stórum stökkum þegar í óefni væri komið, heldur vera frekar með örari og minni hækkanir.

Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Með þessum áherslum hefur tekist að bæta allverulega afkomu fjáraflana, aðallega með því að lækka kostnað umtalsvert. Á árinu 2015 batnaði afkoman af fjáröflunum félagsins um 17% eða um 8 m.kr. Tekur umfram gjöld voru 55 m.kr. á móti 47 m.kr. á árinu 2014.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári með útdrætti í júní annars vegar og desember hins vegar. Vorhappdrættið er með minna sniði en hausthappdrættið. Upplag miða var 60.000 og voru miðar sendir til allra þekktra stuðningsmanna auk þess sem rafrænir miðar voru sendir að auki til valins úrtaks.

Hausthappdrættið var hins vegar í svipuðum dúr og árið á undan.

Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára.

Heildarupplag útgefinna miða var 157.000. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða. Miðaverð var kr. 2.500.

Afkoma happdrættis félagsins batnaði um 9% milli áranna 2014 og 2015, var 26,2 m.kr. á móti 28,6 m.kr. og verður það að teljast mjög góður árangur í ljósi þess að sala hefðbundinna happdrættismiða hefur farið minnkandi.

Víðsjá

Á árinu komu út tvö tölublöð af Víðsjá, tímariti Blindrafélagsins. Var það árgangur nr. 7. Víðsjá kom fyrst

út í tilefni af 70 ára afmæli félagsins árið 2009. Upplag blaðsins var svipað og undanfarin ár, um 20.000

eintök. Sem fyrr fylgdi blaðinu valkrafa sem viðtakendur gátu greitt, vildu þeir styrkja útgáfu blaðsins. Upphæð valkröfunnar var kr. 1.900, heimtur á valkröfum eru í kringum 35%. Auglýsingatekjur og styrktarlínur voru góðar á árinu, þriðja árið í röð. Vel er

vandað til blaðsins sem er í hefðbundnu tímaritabroti og prentað á góðan pappír. Víðsjá er orðin ein af þýðingarmeiri tekjulindum fyrir félagið og skilaði útgáfan félaginu 16 m.kr. hagnaði á móti 11,6 m.kr. hagnaði 2014.

Jólakort

Jólakortasalan dróst nokkuð saman á árinu og var ekki eins góð og seinustu tvö ár. Ástæða er til að vera vakandi fyrir því að halda þessari fjáröflun gangandi næstu árin. Í nokkurn tíma hefur verið óttast að dagar jólakortasölu Blindrafélagsins væru taldir. Útgáfa kortanna hefur verið einfölduð. Nú er aðeins gefið út eitt nýtt kort á ári. Einnig hefur sala hefðbundinna sölumanna sem ganga í hús nánast lagst af. Salan fer að mestu fram í

gegnum vefinn, til fyrirtækja og annarra fastra viðskiptavina og með sölu til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda með útsendingu á jólakortapökkum en alls voru sendir út um 5.000 pakkar og nýtt úrtak 1.500 pakka ásamt valkröfu.

Afkoman af sölu jólakortanna versnaði um 26% á milli áranna 2014 og 2015 og skilaði jólakortasalan félaginu um 6,2 m.kr. á móti 8,4 m.kr. 2014.

Leiðsöguhundadagatal

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins hefur verið gefið út frá 2012. Dagatalið er hugsað sem kynning á leiðsöguhundadagatalverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar.

Á árinu 2015 var dagatalið sent út til um 19.000 einstaklinga ásamt valkröfu upp á 1.939 kr. Viðtökurnar voru góðar og um 34% þeirra sem fengu dagatalið greiddu valkröfuna. Bókfærð afkoma á árinu 2015 var 13% lakari en árið á undan, eða 6,4

m.kr. á móti 7,5 m.kr. 2014. Hins vegar hafði afkoman af dagatalinu á milli áranna 2013 og 2014 meira en tvöfaldast, farið úr 3,2 m.kr. í 7,5 m.kr.

Nýtt dagatal fyrir árið 2016 var sent út milli jóla og nýárs 2015. Upplag var um 18.600 eintök og hljóðaði valkrafan upp á 2.300 kr.

Bakhjarlar

Tekjur vegna bakhjarla félagsins lækkuðu um tæp 10% (1,3 m.kr.) milli áranna 2014 og 2015 en þær jukust þá nokkuð frá árunum þar á undan. Ekki hefur verið gert umtalsvert átak til fjölgunar bakhjarla síðan 2011 og er orðið

mikilvægt að fara að huga að því. Bakhjarlar félagsins eru nú um 4.000 talsins. Allir þeir sem greiða árgjöld sín eru tryggðir gegn sjónmissi af völdum slysa og þeim sem greiða hærri framlög er einnig boðið að tryggja aðra fjölskyldumeðlimi.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.200 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Styrktarbeiðnir voru sendar út í júní 2015 þar sem fyrirtækin voru beðin um að styrkja félagið

og sérstaklega vefvarpsverkefnið. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var góður eins og árið á undan og skilaði félaginu um 2,6 m.kr. en árið á undan gaf söfnun af sér 2,9 m.kr.

Þríkrossinn

Þríkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og hefur skapað sér sess og sérstöðu á íslenskum markaði. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að ná til erlendra ferðamanna.

Sala Þríkrossins hefur minnkað umtalsvert á milli ára og afkoma af sölunni á árinu var nánast engin eða 65 þús.kr. á móti um 650 þús.kr. árið á undan. Árið 2011 voru settar á markaðinn fjórar gerðir af silfurkrossum en því miður

hefur sala á þeim ekki náð því flugi sem vonast var eftir. Tilraunir hafa verið gerðar með að markaðssetja Þríkrossinn erlendis en árangur er undir væntingum, a.m.k. enn sem komið er. Framlegð af sölu Þríkrossins er svipuð og árið á undan en hún er varla viðunandi. Verð á gulli á heimsmarkaði er hátt og hefur

farið hækkandi undanfarið misseri og erfitt er að fylgja því með tíðum verðhækkunum á vörunni.

Blindrafélagið á allan höfundarrétt og vörumerki Þríkrossins. Myndmerki Þríkrossins er skráð í Evrópusambandinu og gildir sú skráning í öllum löndum þess.

Rekstur fasteigna

Útleiga og nýting íbúða

Blindrafélagið leigir út töluvert húsnaði í Hamrahlíð 17. Optic Reykjavík, Blindravínustofan ehf og Ólafur Þór Jónsson nuddari eru með leigurymi á 1. hæð, auk þess sem þar eru skrifstofur Blindrafélagsins. Á 2. hæð eru Augnlæknar Reykjavíkur og Oxymap með um helming hæðarinnar á leigu og hinn helmingurinn er nýttur undir Félagsheimili Blindrafélagsins.

Á annarri og þriðju hæð er 20 leiguíbúðir í langtímaleigu og

voru þær allar í útleigu allt árið 2015. Þrír nýir leigjendur fluttu inn í húsið á árinu.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi. Nýting þeirra árið 2014 var sem hér segir:
Íbúð 401
(gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 56%
Íbúð 309 (gestaíbúð): 46%
Íbúð 304 (gestaherbergi) 38%
Íbúð 404 (gestaherbergi): 32%

Stigahlíð 71

Blindrafélagið á einbýlishúsið að Stigahlíð 71 sem hefur verið leigt Reykjavíkurborg undanfarin ár til reksturs Sambýlisins að Stigahlíð 71 þar sem blindir og sjónskertir einstaklingar eru í meirihluta íbúa. Í febrúar 2016 var húseignin seld Félagsbústöðum Reykjavíkur á 68 milljónir króna. Meginröksemdir fyrir sölunni voru eftirfarandi: Félagbústaðir eru tilbúin til að kaupa Stigahlíð 71 og tryggja

áframhaldandi rekstur á sambýlinu í húsinu. Verðið er ásættanlegt að teknu tilliti til ástands hússins. Framundan eru mjög kostnaðarsamar viðhaldframkvæmdir á húsinu sem Blindrafélagið myndi eiga erfitt með að fjármagna á sama tíma og umtalsverðar viðhaldframkvæmdir eru einnig framundan við Hamrahlíð 17.

Félagsmáladeild

Ársskýrsla 2016 fyrir tæknimál Blindrafélagsins

Starf tölvu- og tækniráðgjafar er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum. Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar með hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem

þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga (ÞPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun á tölvum og tækjum. Einnig er hægt að bóka viðtalstíma, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir t.d. vefvarps- eða talgervlanotkun.

Vefvarp Blindrafélagsins

Mikil aukning hefur verið á notkun vefvarps


Blindrafélagsins og á árinu var reynt að bæta bæði þjónustu og efnisúrval í vefvarpinu. Undir lok árs 2015 kláraðist lagerinn af vefvarpstækjum sem voru til og kom ný sending af tækjum í ársbyrjun 2016. Á seinasta ári voru afgreidd frá okkur yfir 55 vefvarpstæki til útleigu. Í heildina eru yfir 240 tæki í útláni hjá félaginu og er það ágætur notendafjöldi.

Um leið og fjöldi notenda hefur aukist hefur notkun einnig farið upp. Í byrjun árs 2015 voru daglegir notendur í aðalvalmynd vefvarpsins í kringum 55–70, en í lok árs voru þeir komnir í 90–105. Þeir sem notuðu textalestur sjónvarpsstöðva voru á bilinu

20–30 á dag í byrjun árs en voru á bilinu 30–40 í lok árs.

Hljóðbókasafnið hafði um 20–30 notendur á dag í byrjun árs en í lok árs voru þeir komnir yfir 40 á dag. Í þessari skýrslu er hægt að sjá nokkur grafísk línurit sem sýna myndrænt þessa aukningu yfir árið 2015.

Á árinu var unnið í því að bæta við vefmiðlum í vefvarpið og nú er hægt að hlusta á vefi eins og Vísi, Fréttatímann og Kjarnann og eru fleiri vefir á leiðinni á þessu ári. Einnig eru áform um að auka úrvalið af hlaðvörpum, en hlaðvörp eru sífellt að verða vinsælli á Íslandi og ætlum við að reyna að vera með sem flest þeirra aðgengileg í gegnum vefvarpið. Einnig er áætlað að gera smá breytingar á aðalvalmyndinni,



Myndræn framsetning á notkun aðalvalmyndar vefvarpsins 2015

en þær verða kynntar þegar að þeim kemur.
Vefvarpið er, og mun vera, í

stöðugri þróun hjá okkur um komandi ár.

Aðgengismál

Mikið hefur verið unnið í aðgengismálum á árinu. Í teymi félagsins sem starfar að verkefnum um rafrænt aðgengi eru Baldur Snær Sigurðsson, Birkir Rúnar Gunnarsson og Steinar Björgvinsson. Steinar hefur boðið fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf varðandi heimasíður og mikilvægi aðgengismála og hefur gengið afskaplega vel að fá fyrirtæki og stofnanir til að verja smá tíma í að bæta sína vefi. Snemma árs 2016 voru komnir á lista hjá okkur 50 vefir sem höfðu gert betrubætur á vefsíðum sínum til að gera þær aðgengilegar. Upphaflega var verkefnið hugsað sem tilraun en það hefur verið sannað að mikil þörf er á að viðhalda og auka aðgengi blindra og sjónskertra að vefsíðum á netinu. Blindrafélagið hefur veitt fyrirtækjum og stofnunum þessa þjónustu þeim að kostnaðarlausu og hefur alls ekki verið skortur á verkefnum. Það er hins vegar á gráu svæði

hvort svona þjónusta eigi að vera gefins því að á opnum markaði eru starfandi fyrirtæki sem fá greitt fyrir ráðgjöf og þjónustu af þessu tagi. Fyrir okkur skiptir aðgengi höfuðmáli og svo lengi sem við getum hvatt stofnanir og fyrirtæki til að gera vefsíður sínar betri erum við vonandi að gera rétta hluti. Þegar fyrirtæki og stofnanir þróa vefsíður sínar á aðgengi ekki að vera eftiráhugsun, heldur eitthvað sem menn taka tillit til frá byrjun.

Í september aðstoðaði Blindrafélagið ásamt Rósu Maríu Hjörvar hjá ÞPM fyrirtækið Siteimprove við að halda ráðstefnu hér á Íslandi fyrir hugbúnað sinn og var þema ráðstefnunnar rafrænt aðgengi. Lausnin sem Siteimprove býður leggur mikið upp úr því að prófa aðgengismál á vefsíðum og hafa þegar nokkur ráðuneyti, bæjarfélög og fyrirtæki keypt sér þjónustu hjá þessu fyrirtæki sem sýnir góðan

vilja til að standa sig betur í aðgengismálum. Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga gerði aðgengiskönnun með nokkrum notendum fyrir Hljóðbókasafn Íslands á árinu. Valdir voru nokkrir notendur með mismunandi tölvukunnáttu og sem nota mismunandi hugbúnað við tölvunotkun. Kom í ljós að flestallir notendur lentu í vandræðum með einhver þeirra verkefna sem þeim voru sett fyrir. Þessi vandamál voru ekki endilega sök Hljóðbókasafnsins, heldur var einnig um kunnáttuvandamál að ræða, og villur í aðstoðarbúnaði sem fólk hefur til að nota tölvurnar. ÞPM, sem aðstoðar sína skjólstæðinga með tölvunotkun, þarf að úthluta mismunandi tegundum af hugbúnaði þar sem þarfir einstaklinga geta verið afar mismunandi sem og tölvukunnátta þeirra. Í dag er úthlutað fimm tegundum af aðstoðarbúnaði við tölvunotkun

hjá ÞPM. Það eru Jaws, NDVA, ZoomText, Dolphin SuperNova og Dolphin Guide. Þar sem þarfir einstaklinga við tölvunotkun og sjón og kunnátta þeirra er á svo breiðum skala er erfitt fyrir ÞPM að bjóða upp á almenn námskeið fyrir notendur sína og er öll kennsla á þessi kerfi alltaf einstaklingsbundin.

Það eru ekki einungis vefsíður og tölvur sem eru mikilvæg þegar hugsað er um rafrænt aðgengi, heldur þarf að skoða farsíma, heimilissíma, úr, klukkur og ýmsar aðrar vörur sem geta verið erfiðar í notkun fyrir þá sem ekki sjá. Í framtíðinni megum við eiga von á því að þurfa að tala við heimilistækin okkar og er því mikið atriði að þeir sem ekki sjá geti nýtt sér þá tækni sem í boði er.

Það að passa upp á aðgengismál er því mikið og flókið verkefni sem Blindrafélagið kemst ekki undan því að sinna og þá skiptir miklu máli að vera í góðri samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Sumarið 2015 tilkynnti IVONA, hugbúnaðarframleiðandi talgervilsraddana Karls og Dóru, Blindrafélaginu að þeir væru að breyta um rekstrarform fyrirtækisins. IVONA hefur ákveðið að hætta þróun á hugbúnaði til einstaklinga og mun eftirleiðis einbeita sér að þróun á röddum og þjónustu við fyrirtæki. Þetta setur Blindrafélagið í erfiða stöðu varðandi íslenskan markað þar sem bæði raddirnar sem Blindrafélagið lét hanna fyrir sig og sá hugbúnaður sem nýtir raddirnar komu frá einu og sama fyrirtækinu. Blindrafélagið er hins vegar með samning við IVONA sem algjörlega tryggir Blindrafélaginu aðgang að þessum röddum og þessum hugbúnaði, ef það myndi koma upp að IVONA skyldi hætta rekstri eða breyta um rekstrarfyrirkomulag eins og þeir hafa nú gert eftir að þeir voru keyptir af ameríska fyrirtækinu Amazon. Vefþulan sem IVONA var með í boði til notenda og fyrirtækja var tekin af markaði í september 2015 og fór Blindrafélagið í þá vinnu að

finna nýjan samstarfsaðila fyrir vefþulu. Samkomulag náðist við hollenska fyrirtækið ReadSpeaker sem sérhæfir sig í lausnum eins og vefþulum. ReadSpeaker hefur nú fengið íslensku raddirnar Karl og Dóru og getur boðið íslenskum fyrirtækjum og stofnunum til notkunar álíka vefþulu og IVONA bauð upp á. Þessi vefþula frá ReadSpeaker er töluvert betri en sú sem IVONA var með. Til dæmis upplýsist textinn við lestur þannig að notendur geta séð greinilega hvaða setningar og orð talgervillinn er að lesa hverju sinni. Notendur hafa einnig möguleika á að stilla þessa liti til í vafranum þannig að þessi lesari er töluvert öflugri en sá sem áður var í boði. Þegar hafa nokkur fyrirtæki skipt yfir til ReadSpeaker en á næstu mánuðum mun Blindrafélagið halda áfram kynningu á ReadSpeaker til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. ReadSpeaker mun greiða Blindrafélaginu fyrir hvern viðskiptavin sem nýtir sér íslensku raddirnar í þeirra lausn, sem tryggir félaginu áframhaldandi pening í sjóð

sem hægt er að nýta til viðhalds og áframhaldandi uppbyggingar á talgervilslausnum fyrir íslenska notendur.

Það segir svolítið mikið um það hversu slæm staðan í talgervilsmálum og máltæknimálum hefur verið þegar Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskerta á Íslandi, er í raun eini aðilinn sem hefur drifið áfram verkefni á þessum sviðum hingað til, og hefur gert það alfarið á styrkjum og með aðstoð frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. En nú er von á breytingum og bót í þeim efnum.

Almannarómur, sjálfseignarstofnun sem mun

standa að smíði máltæknilausna fyrir íslensku, var stofnaður í nóvember 2014. Þar er í undirbúningi verkefni í samvinnu með Google um að smíða bæði talgervil og raddgreiningu, og mun Blindrafélagið fylgjast mjög náið með því verkefni og reyna að aðstoða eftir bestu getu. Miðað við hvað íslenskan er lítið tungumál og hvað við Íslendingar leggjum mikla áherslu á að viðhalda íslenskri tungu er sorglegt að hið opinbera skuli ekki axla meiri ábyrgð en raun ber vitni á máltækniverkefnum fyrir íslenska tungu.

Ársskýrsla kynningarfulltrúa árið 2014

Skýrsla kynningarfulltrúa fyrir árið 2014 rataði ekki í ársskýrsluna fyrir sama ár svo hún birtist hér.

Starfssvið kynningarfulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu um áhrif blindu og sjónskerðingar og upplýsa um umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um Hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis

hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Radíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig ekki á að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningarfulltrúi reglulega Ökuskólann í Mjódd með

fræðslu fyrir verðandi leigubílstjóra. Farið var í nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og spjallað við nemendur í 8., 9. eða 10. bekk í tvær kennslustundir. Haldnir voru tveir fyrirlestrar í vetur fyrir framreiðslunema við Menntaskólann í Kópavogi. Í haust brá kynningarfulltrúi sér vestur á Ísafjörð og hélt tveggja klukkustunda námskeið

fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Námskeiðið lukkaðist mjög vel og var vel sótt – 40 manns úr ýmsum starfsgreinum voru þátttakendur á námskeiðinu.

Brynja Arthúrsdóttir,
kynningarfulltrúi

Ársskýrsla kynningarfulltrúa árið 2015

Starfssvið kynningarfulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu um áhrif blindu og sjónskerðingar og upplýsa um umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um Hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Radíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig ekki á að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningarfulltrúi reglulega Ökuskólann í Mjódd með fræðslu fyrir verðandi leigubílstjóra. Einnig var farið í nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og spjallað við nemendur í 8., 9. eða 10. bekk í tvær kennslustundir.

Haldnar voru vel lukkaðar kynningar fyrir starfsfólk og vistfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði og starfsfólk, þátttakendur í dagvistun í Þorraseli og félagsstarfi á Vesturgötu 7, Reykjavík. Einnig var kynning fyrir íbúa og starfsfólk og þá sem taka þátt í félagsstarfinu að Norðurbrún 1, Reykjavík. Búið er að bóka kynningar fram í júní í Ökuskólanum í Mjódd, í nokkrum grunnskólum, fyrir framreiðslunema við Menntaskólann í Kópavogi og þátttakendur í barnastarfi í Árbæjarkirkju.

Brynja Arthúrsdóttir,
kynningarfulltrúi

Ársskýrsla trúnaðarmanna

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Enn fremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blindra og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi.

Trúnaðarmaður á að geta veitt almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blindra og sjónskerta. Hann á að vera vakandi fyrir nýjungum í tæknimálum og á sviði hjálpartækja og endurhæfingar. Trúnaðarmenn hringja í flestalla félagsmenn a.m.k. tvisvar á ári til að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 600 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund.

Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir sem jafnframt er

yfirtrúnaðarmaður, Elín Bjarnadóttir og Helga Friðriksdóttir sem jafnframt er trúnaðarmaður foreldra blindra og sjónskertra barna. Ráðgjafi Blindrafélagsins hringir fyrsta símtal í nýja félagsmenn og segir þeim frá trúnaðarmannakerfinu og deilir skjólstæðingum jafnt á milli.

Þann 18. september sl. var haldinn starfsdagur. Þá hittust fyrst trúnaðarmennirnir Brynja, Elín og Helga og báru saman bækur sínar og ræddu um starfið. Þá kom Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi félagsins, og sat fundinn.

Áheyrnarfulltrúar á fundinum voru Ólafur Þór Jónsson og Helga Dögg Heimisdóttir sem bæði eru félagsmenn í Blindrafélaginu. Þau komu með ýmsar góðar ábendingar til trúnaðarmanna. Bergvin Oddsson, formaður félagsins, mætti einnig á fundinn og átti hópurinn góðan og gagnlegan fund saman.

Þann 18. mars var haldinn starfs- og fræðsludagur

trúnaðarmanna. Auk
trúnaðarmannanna þriggja tók
Arnheiður Björnsdóttir ráðgjafi
þátt í dagskránni. Dagurinn
hófst kl. 13 með fundi
trúnaðarmannanna þriggja og
ráðgjafa. Á fundinn mætti
Kjartan Pálmason, ráðgjafi hjá
Lausninni, og hélt hann mjög
fróðlegan og áhugaverðan

fyrirlestur um meðvirkni
almennt og einnig um
meðvirkni í starfi.
Augljóst er að fræðslan á eftir
að nýtast trúnaðarmönnum og
ráðgjafa vel í störfum sínum.

Brynja Arthúrsdóttir,
yfirtrúnaðarmaður

Mötuneyti Blindrafélagsins

Á síðasta ári seldust um 5.300
máltíðir sem gera um 25 manns
að meðaltali í mat á dag,
gróflega reiknað á 11
mánuðum. Þegar hugað er að
eldhúsi félagsins þarf að hafa í
huga hvernig uppbygging
mötuneytis er, með tilliti til
aðstöðu og aðbúnaðar sem er til
staðar í eldhúsi, sem og
fyrirkomulag og skipulag í
matsal þannig að allt gangi sem
best og þægilegast fyrir sig á
mestu álagstímum.
Vinnuaðstaða telst að mestu
leyti mjög góð, en skipta þarf
um dúk á gólfi í eldhúsi,
dúkurinn á gólfinu er mjög
lúinn og sést mikið á honum.
Keyptur var nýr ísskápur og
frystir í vor.
Í starfi mínu hef ég að
leiðarljósi þau ráð sem
heilbrigðiseftirlit og

manneldisráð mæla með og
hvet einnig aðra til að fylgja
þeim. Ég fylgi þeim reglum sem
settar eru upp í
heilbrigðismálum, en þar eru
dagleg þrif stór þáttur í starfi
mínu sem og eftirlit með
geymslum fyrir hráefni, s.s.
kæli, frysti og þurrgeymslu.
Einnig fylgi ég GÁMES en það
er gæðaeftirlitskerfi og fer ég
því vandlega yfir þær vörur sem
berast í eldhús til mín. Ég
kanna ástand þeirra,
pakkningar, flutninga og
meðhöndlun.
Með þetta að leiðarljósi reyni ég
ávallt að hafa úrvalshráefni til
meðhöndlunar og er ég þar með
í mjög góðum samskiptum við
birgja, bæði hvað varðar verð og
gæði hráefnis. Matseðlana vinn
ég svo til sex vikna í senn, í
samráði við birgjana og hvort

hægt sé að útvega besta mögulega hráefnið hverju sinni. Stefna mín er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þau fela í sér næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái sem bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni. Einnig hlusta ég eftir því hvaða óskir fólk hefur, reyni að taka tillit til þess og leitast við að

hafa matinn heimilislegan og vel framsettan. Ég reyni að hafa fjölbreytt meðlæti í boði þegar það er opið hús. Pönnukökur og vöflur með rjóma standa alltaf fyrir sínu og það er ekkert skemmtilegra en að hafa alla sadda og sátta. Virðingarfyllst, Þórkatla Norðquist, matartæknir og matsveinn Blindrafélagsins

Skýrsla alþjóðafulltrúa

Árið 2015 var frekar annasamt fyrir Blindrafélagið á norrænu sviði. Auk hefðbundinna norrænna funda sem haldnir eru tvisvar á ári var komið að Íslandi að halda samnorrænu ráðstefnuna. Hún er haldin á tveggja ára fresti í einu af Norðurlöndunum. Ráðstefnan fór fram á Hótel Glym í Hvalafirði dagana 30. ágúst til 3. september. Þema hennar var „Hvernig tryggjum við þátttöku sjónskertra barna og ungmenna að samfélaginu?“ Fagaðilar, foreldrar, ungmenni og starfsmenn blindrasamtakanna héldu erindi um skólamál, aðgengi að námsefni, félagslega stöðu sjónskertra barna, framhaldsnám, sumarvinnu og

atvinnumál. Á ráðstefnunni kom fram að þjónustustigið í öllum löndunum er svipað en þjónustan kemur frá mismunandi stöðum. Það kom einnig fram að fjölskyldur með sjónskert börn eiga erfitt með að finna þann stuðning sem þeim stendur til boða. Norsk rannsókn sýnir einnig að 40% af sjónskertum krökkum hafa lent í einelti í skólanum. Talan er há miðað við að skólarnir stefna að engu umburðarlyndi gagnvart einelti. Það getur líka reynst erfitt fyrir sjónskerta nemendur að fá námsefnið í réttu formi á réttum tíma. Auk þess eru ekki alltaf gerðar sömu kröfur fyrir þá varðandi námið sem í versta falli leiðir til þess að

nemandanum er ekki kleift að sækja um það framhaldsnám sem hann langar í. Þess vegna skiptir miklu máli að vanda námsráðgjöf fyrir sjónskerta nemendur.

Eins og venjulega tók Blindrafélagið þátt í norrænu fundunum. NSK er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtaka og NKK er kvennanefnd þeirra. Auk þess er í athugun að endurlífga ungmennanefndina SUN. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum, oftast samtímis þar sem NSK og NKK reyna að halda að minnsta kosti einn sameiginlegan fund á ári. Haustfundirnir voru að þessu sinni haldnir í lok ágúst á Hótel Glym. Áður en ráðstefnan hófst voru fulltrúar unga fólksins einnig boðaðir saman. Á NSK-fundinum sat formaður félagsins, Bergvin Oddsson, ásamt alþjóðafulltrúa. Lilja Sveinsdóttir sat NKK-fundinn og Iva Marín Adrichem og Patrekur Andrés Axelsson sátu SUN-fundinn. Vorfundirnir verða haldnir í Svíþjóð dagana 10.–12. apríl 2016.

Blindrafélagið á einnig aðild að European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI) og fylgist með starfi á þessum vettvangi. Þing EBU er haldið á fjögurra ára fresti og nú var komið að því að halda það í Heathrow í Bretlandi dagana 25.–28. október. Ísland sendi þrjá fulltrúa á fundinn, þau Halldór Sævar Guðbergsson formann, Marjakaisu Matthíasson alþjóðafulltrúa og Rósu Maríu Hjörvar varaformann. Auk þeirra fór Lára Kristín Lárusdóttir sem aðstoðarmaður. Þátttakendur á þinginu komu frá 35 löndum með mismarga fulltrúa frá hverju landi. Ráðstefnan stóð yfir í tvo og hálfan dag og dagskráin var frekar stíf, hún hófst kl. 9 og stóð til kl. 18. Þingið hófst með venjulegum aðalfundarstörfum þar sem farið var yfir ársskýrslur EBU. Sitjandi forseti, Wolfgang Angermann, vann Fazilet Hadi (Bretland) í forsetakosningum með rúmlega 60% atkvæða á móti tæplega 40% hjá henni. Flestir stjórnarmanna voru sjálfkjörnir og sitja nú einungis sjö stjórnarmenn í stað átta þar sem lagabreytingartillagan um

að „stjórnarmenn gætu verið allt að átta manns“ var samþykkt. Auk þessara sjö manna eiga sæti formaður, varaformaður, annar varaformaður, gjaldkeri og ritari. Tillaga stjórnar um nýtt félagsgjald var samþykkt. Þetta þýðir að Ísland lendir í greiðsluflokki með Austurríki, Hollandi, Írlandi og Rússlandi en löndum í þessum flokki er

gert að borga 7.000 evrur í félagsgjöld. Hins vegar mótmælti Blindrafélagið þessu áformi og mun því borga 2.500 evrur í félagsgjald eins og er.

Marjakaisa Matthíasson,
alþjóðafulltrúi

Ársskýrsla ráðgjafa

Ráðgjafi er í 50% starfshlutfalli. Vinnudagarnir eru þriðjudagur miðvikudagur og fimmtudagur, tveir heilir dagar og einn hálfur. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við mig án þess að panta sérstaklega viðtalstíma. Ráðgjafi sendir öllum nýjum félagsmönnum kynningarmöppu og hringir svo fyrsta símtal í þá og/eða tekur á móti þeim og aðstandendum þeirra og kynnir fyrir þeim trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og hvað er á döfinni hjá félaginu, eins og opið hús, bókaklúbbinn o.fl. Auk þess pantar hann félagsskírteini og stimpla fyrir þá félagsmenn sem þess óska og

sækir um frían aðgang að 1818 fyrir lögblinda félagsmenn.

Ráðgjafi heldur utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og situr fundi með þeim. Trúnaðarmennirnir eru Brynja Arthúrsdóttir, Elín Bjarnadóttir og Helga Friðriksdóttir.

Ráðgjafi lætur umsækjendur ferðaþjónustunnar vita þegar samningurinn er tilbúinn til undirritunar, afhendir hann og fer yfir reglurnar.

Ráðgjafi fyllir út umsóknir um endurnýjun húsaleigubóta fyrir félagsmenn sem búa í Hamrahlíð 17.

Ráðgjafi sendir stjórn félagsins skrá yfir nýja félagsmenn mánaðarlega og heldur líka skrá yfir látna félagsmenn.

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru orðnir 52.

Arnheiður Björnsdóttir

Félagsstarfið

Ársskýrsla bókmenntaklúbbs

Þann 17. september 2015 byrjuðu félagar í bókmenntaklúbbum að hittast á tólfta starfsárinu sínu.

Hópurinn hittist reglulega tvisvar í mánuði yfir veturinn, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar fram í maí.

Félagarnir eru á ýmsum aldri með ólíkar skoðanir og urðu oft fjörugar umræður og skoðanaskipti um bækurnar. Samtals voru lesnar átta bækur

á hálfu ári, frá september fram í mars sem er óvenju mikið miðað við fyrri ár.

Sem fyrr naut klúbburinn aðstoðar Huldu Pétursdóttur, starfsmanns Hljóðbókasafns Íslands, og eru henni hér með sendar kærar þakkir fyrir frábæra þjónustu.

Brynja Arthúrsdóttir

Skýrsla skemmtinefndar

Síðastliðið haust voru Halldór Sævar Guðbergsson, Þórarinn Þórhallsson og Oddur Stefánsson skipaðir í skemmtinefnd af stjórn félagsins. Í vetur barst nefndinni öflugur liðsauki þegar við fengum þrjár vaskar konur með okkur en það eru

þær Dagný Kristmannsdóttir, Sigríður Hlín Jónsdóttir og Helga Dögg Heimisdóttir.

Nefndin stóð fyrir þremur viðburðum á þessu starfsári. Rauðvínssmökkunarnámskeið var haldið í byrjun október þar sem Dominique Pledel kenndi

okkur grunnatriðin í
vínsmökkun. Um 30 manns
mættu og tókst kvöldið mjög
vel.

Í byrjun desember var haldið
hið sívinsæla jólahlaðborð
Blindrafélagsins sem um 70
manns mættu á. Maturinn kom
frá Kokkunum. Ásmundur
Friðriksson þingmaður mætti
og fór með gamanmál. Bryndís
Ásmundsdóttir kom og flutti
nokkur lög. Raddbandafélag
Reykjavíkur mætti og sló
hreinlega alveg í gegn með söng
og gleði. Skemmtinefndin stóð
fyrir veglegu happdrætti þar
sem glæsilegir vinningar voru í
boði. Að lokum stóð
skemmtinefnd fyrir þorrablóti
sem haldið var í byrjun febrúar
og um 90 manns mættu. Hlynur
Þór Agnarsson var veislustjóri
og stóð sig með stakri þryði.
Hjónin Stefán Pálsson
sagnfræðingur með meiru og

Steinunn Þóra Árnadóttir
þingkona fluttu minni kvenna
og karla. Jóhannes Kristjánsson
eftirherma fór á kostum. Síðan
komu tveir karlar úr
hljómsveitinni Upplyfting og
léku fyrir dansi. Nefndin stóð
fyrir veglegu happdrætti þar
sem glæsilegir vinningar voru í
boði.

Skemmtinefndin er með á
þrjónunum tvær skemmtanir,
að slá upp balli á síðasta
vetrardag og grillveislu á
afmælisdegi Blindrafélagsins
19. ágúst.

Skemmtinefndin þakkar
félagsmönnum fyrir góða
þátttöku í þeim viðburðum sem
við höfum staðið fyrir og
vonandi sjáum við ykkur sem
flest á næstu viðburðum
skemmtinefndar.

Halldór Sævar Guðbergsson,
formaður skemmtinefndar

Ársskýrsla Ferða- og útvistarnefndar Blindrafélagsins 2015 – 2016

Á þessu starfsári sátum við
Ragnar Þór Steingrímsson,
Rósa Ragnarsdóttir og Sigurjón
Einarsson í nefndinni. Á

tímabilinu höfum við boðið upp
á:

Gönguferðir sem standa yfir í
um 1,5–2 klst. Gengið er að

jafnaði annan sunnudag í mánuði kl. 14–15:30 og endað á kaffihúsi. Farnar hafa verið sex ferðir og þremur er ólokið er þetta er skrifað. Sjá nánar undir sunnudagsgöngurnar hér að neðan.

3.–12. júlí 2015:

Gönguferð um West Highland Way í Skotlandi. Fimm Íslendingar og átta Finnar auk tveggja leiðsögumanna gengu þessa 153 km leið á viku.

29. febrúar – 4. mars 2016:

Ferð á Sæludaga á Hótel Örk í Hveragerði. Engir skráðu sig þannig að ferðin féll niður.

Framundan eru:

4. maí 2016 kl: 17:

Ferð í Laugardalslaug og snætt á Laugaási.

22.–24. júlí 2016:

Gönguferð á Fimmvörðuháls.

23.–24. júlí 2016:

Ferð í Bása í Þórsmörk.

11.–19. október 2016:

Gönguferð á Costa Blanca á Spáni í samvinnu við ferðaskrifstofuna Skotagöngu.

Unnið er að helgarferð til útlanda næsta haust/vetur.

Sunnudagsgöngurnar:

Sunnudaginn 8. maí:
Gönguleiðin í vinnslu.

Sunnudaginn 10. apríl:
Gönguleiðin í vinnslu.

Sunnudaginn 13. mars kl. 14:
Ganga frá Húsi
Blindrafélagsins að Hamrahlíð
17 og út í buskann.

Sunnudaginn 14. febrúar 2016
kl. 14:10 lögðum við 12 saman
af stað frá aðalinngangi Nettó í

Mjódd út á fagra göngustíga
sem liggja umhverfis
Bakkahverfið í Breiðholtinu.
Þaðan tókum við sveiginn inn í
Seljahverfi og enduðum svo
gönguna í Bakameistararnum
í Mjódd.

Sunnudaginn 15. nóvember
2015 kl. 14 hittumst við fimm
saman við Hótel Marina við
Tryggvagötu. Guðjón
Friðriksson sagnfræðingur
fræddi okkur um sögu

hafnarinnar og Slippsins.
Þaðan héldum við út á Granda
og enduðum í Sjóminjasafninu.

Sunnudaginn 11. október kl. 14
hittumst við 13 saman við Iðnó
þar sem Guðjón Friðriksson
sagnfræðingur fræddi okkur um
Tjörnina og borgina. Gengum
svo í kringum Tjörnina með
Guðjóni og komum við í elsta
kirkjugarði Reykjavíkur, við
Aðalstræti, áður en haldið var á
Café París.

Sunnudaginn 14. júní kl. 14:06
hófum við 11 saman gönguna
við Bakameistarann í Mjódd
og gengum með Reykjanesbraut
niður í Fossvogsdalinn. Þá var
dalurinn endilangur genginn,

haldið yfir
Kringlumýrarbrautina og
göngunni lauk við Nauthól í
Nauthólsvík. Lauk þar með
göngu okkar umhverfis
Reykjavík.

Sunnudaginn 10. maí kl. 14:15
gengum við 10 saman frá
verslun Krónunnar í Breiðholti
við Jafnasel 2, lá leiðin
umhverfis Seljahverfið í
Breiðholti og lauk við
Bakameistarann í Mjódd.

Við þökkum félagsmönnum
fyrir að taka þátt í þessu öllu
með okkur.

Með ferða- og útivistarkveðju,
Ragnar, Rósa og Sigurjón

Skýrsla Tórstundaneftdar 2015-2016

Í nefndinni eru Margrét Guðný
Hannesdóttir formaður, Guðrún
Helga Skúladóttir, Guðvarður
Birgisson og Jón Helgi
Gíslason.

Á þessu starfsári voru haldin
tvö vel sótt bingó fyrir áramót
og eitt ilmolíunámskeið sem
Kristín Sjöfn ilmolíufræðingur
sá um. Það var mjög vel sótt og

mikill áhugi fyrir því
námskeiði.
Árið 2016 héldum við
ilmolíunámskeið nr. 1 í janúar
og febrúar. Framhaldsnámskeið
verður haldið í apríl sem
Kristín Sjöfn sér um líka og
þann 12. mars verður
páskabingóið haldið.

Það stendur til að hafa
spilakvöld í apríl og maí.

Margrét Guðný Hannesdóttir

Bestu kveðjur,

Prjónakvöld

Prjónakvöldið tilheyrir
Tómstundaneyfndinni og hefur
verið haldið átta sinnum yfir
veturinn. Það er alltaf haldið
þriðja þriðjudag í hverjum
mánuði frá september fram í
maí, þó er desember frír. Það

hafa verið 4–2 manns sem hafa
mætt með handavinnu – og án.
Allt byggt á jafnréttisgrunni og
til stuðnings ef hjálp þarf við.

Kveðja,
Lilja Sveinsdóttir

Opið hús

Opið hús er fastur liður í
félagslífi Blindrafélagsins og er
ávallt vel sótt. Síðastliðið ár var
aðsókn að Opnu húsi á
þriðjudögum og fimmtudögum
að meðaltali nálægt 30 manns.

Opið hús er ætlað öllum þeim
sem vilja koma og skemmta sér
í góðum félagsskap og eiga
samverustundir með
skemmtilegu fólki. Þar eiga
menn góðar stundir saman,
njóta þess sem boðið er upp á í
söng, upplestri, tónlist og öðru
því sem á dagskrá kann að
vera. Opið hús var með
hefðbundnu sniði síðastliðið
starfsár líkt og undanfarin ár, á
þriðjudögum og fimmtudögum
hófst það kl. 13 og stóð til kl. 15.

Reyndin hefur verið sú að
stærstur hluti gesta Opna
hússins er eldra fólk, en þó
mætir þangað fólk á ýmsum
aldri.

Umsjónarmenn Opna hússins
voru Jón Júlíusson, Guðrún
Ásmundsdóttir, Jónína H.
Jónsdóttir, Sigurður G.
Tómasson, Geirlaug
Þorvaldsdóttir, Ingunn
Jensdóttir og einnig hefur
Steinunn Helga Hákonardóttir
hlaupið í skarðið þegar á hefur
þurft að halda.

Steinunn Helga Hákonardóttir,
félagsmálafulltrúi félagsins,
hafði yfirumsjón og sá um að
samræma dagskrá.

Opið hús fór í tvær dagsferðir síðastliðið vor. Sú fyrri var farin í lok maí. Byrjað var á að fara austur á Hvolsvöll og Njálusafnið heimsótt. Þar tók Sigurður Hróarsson á móti hópnum, hélt fyrirlestur um Njálu, síðan var boðið upp á kaffi og safnið skoðað. Næst var haldið í Þorsteinslund í Fljótshlíð. Loks var ekið á Eyrarbakka og snæddur þar dýrindiskvöldverður.

Seinni ferðin var farin um miðjan júní að Slakka í

Biskupstungum. Í boði staðarins var kaffi og kræsingar.

Um miðjan október var farin dagsferð á Akranes, byggðasafnið heimsótt þar sem Ingibjörg Pálmadóttir tók á móti hópnum og sagði frá safninu. Safnið var skoðað, síðan drukkið kaffi og borðaðar kleinur. Þarnaest leiðsagði Örlaugur Elíasson okkur um bæinn. Síðan var ekið á Hótel Glym og þar snæddur kvöldverður.

Opið hús á laugardögum

Ellefta starfsár Opna hússins á laugardögum hófst haustið 2015, en starfsemi þess nýtur sífellt meiri vinsælda. Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði á sex til átta vikna fresti frá september til júní ár hvert. Dagskráin hefst ávallt kl. 11 með fyrirlestri. Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12 er ávallt framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.

Í vetur hafa margir góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Þorvald Friðriksson, fréttamann erlendra fréttanna hjá RÚV, og Elísabetu Brekkan kennara sem kom tvisvar.

Í vetur hafa margir góðir tónlistarmenn spilað og sungið fyrir gesti, hljómsveitin Baggalútur, KK og Haraldur G. Hjálmarsson, félagsmaður Blindrafélagsins. Umsjónarmaður Opna hússins á laugardögum er Steinunn Helga Hákonardóttir,

félagsmálafulltrúi
Blindrafélagsins.

Starfsemi deilda félagsins

Ársskýrsla Norðurlandsdeildar

Starf Norðurlandsdeildar Blindrafélagsins á árinu 2015 var með líku sniði og á undanförnum árum. Haldnir voru fjórir fundir á árinu auk nokkurra stjórnarfunda. Fastir viðburðir á árinu eru jólafundur og þorrafundur en árlegt bingó féll niður á árinu 2014 vegna óviðráðanlegra ástæðna. Kappkostað hefur verið að hafa fundina áhugaverða með einhvers konar skemmtun og fræðslu, svo sem tónlist, skáldskap og upplestri. Stjórn deldarinnar skipa Jón Heiðar Daðason formaður, Pálmi Stefánsson gjaldkeri, Kristinn Helgi Ólafsson ritari og Karl Ásgeirsson meðstjórnandi. Fundirnir hafa verið haldnir í Ánni, félagsheimili Lionsklúbbsins Hængs, að Skipagötu 14. Fyrsti fundur ársins var haldinn 8. febrúar og var það þorrafundur. Fremur dræm þátttaka var á fundinn en alls

voru 18 manns sem gæddu sér á þorramat frá Bautanum. Rafn Sveinsson kom og söng nokkur lög og fór með gamanmál. 10. október var haldinn haustfundur sem var allvel sóttur. Boðið var upp á matarmikla súpu frá Bautanum. Á fundinum var Pálma Stefánssyni og Karli Ásgeirssyni veittur Gulllampi Blindrafélagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Sigbór U. Hallfreðsson, formaður RP-deildar Blindrafélagsins, var með fræðslu um starf deildarinnar og RP-sjúkdóminn. Jólafundur var haldinn 13. desember. Séra Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis, forfallaðist vegna ófærðar en þess í stað las eiginkona Pálma Stefánssonar, Soffía Kristín Jónsdóttir, jólasögu. Einnig fór Davíð Hjálmar Haraldsson með eigin kveðskap og Rafn

Sveinsson fór með gamanmál í sögn og lestri.

Jón Heiðar Daðason,
formaður

Ársskýrsla Suðurlandsdeildar

Haldnir voru sjö félagsfundir, að jafnaði mættu átta manns á hvern fund. Á einn fundinn mætti Bergvin Oddsson, formaður Blindrafélagsins, og sagði okkur frá því helsta sem væri á döfinni hjá félaginu. Það var fróðlegt að fá fréttir af starfsemi Blindrafélagsins, einnig var fleiri gestum boðið að koma til að fræða og skemmta félagsmönnum.

Í desember bauð Suðurlandsdeildin félagsmönnum til kvöldverðar á veitingahúsi. Í maí tóku níu félagsmenn þátt í vorferð Blindrafélagsins og í september fóru tveir félagsmenn á samráðsfund hjá Blindrafélaginu að Hamrahlíð 17.

Fyrir hönd Suðurlandsdeildar,
Páll E. Jónsson

Ársskýrsla Vesturlandsdeildar

Stofnfundur Vesturlandsdeildar Blindrafélagsins var haldinn í Bókasafnshúsinu á Akranesi 10. september 2015. Vel var mætt á fundinn, um 20 manns. Fjögur voru kosin í stjórn deildarinnar, þau Einar Haraldsson formaður og meðstjórnendurnir Örlaugur Elíasson, Ingibjörg Sölvadóttir og Hlédís Sveinsdóttir. Í lok september komu 30–40 félagar úr Reykjavík í heimsókn á Skaga. Ekið var um Skagann

undir öruggri stjórn Örlaugu Elíassonar og allir áhugaverðir staðir skoðaðir. Að því loknu var haldið á Hótel Glym í Hvalfjarðarsveit og snæddur kvöldverður. Frábær og skemmtileg ferð. Stjórnin hittist á tveimur fundum á árinu ræddi málin um væntanlega fundi á árinu 2016.

Kveðja,
Einar Haraldsson

Ársskýrsla Suðurnesjadeildar

Suðurnesjadeild
Blindrafélagsins var stofnuð á
75 ára afmælisdegi
Blindrafélagsins 19. ágúst 2014.
Félagssvæði deildarinnar nær
yfir fimm sveitarfélög,
Reykjanesbæ, Sandgerði, Garð,
Grindavík og Voga.
Á stofnfundi var María
Hauksdóttir kosin formaður og
meðstjórnendur Sigfús B.
Ingvason og Már Gunnarsson
(Reykjanesbæ), Þormar Helgi
Ingimarsson
(Grindavík) og Kristín
Sveinsdóttir (Reykjanesbæ).
Félagsmenn deildarinnar eru
nú 25.

Eftir síðasta aðalfund lá fyrir
áætlun um samveru og útivist.
Eftir afar vel lukkaða ferð á
jólahaðborð Blindrafélagsins
voru félagsmenn jákvæðir fyrir
samveru að Hamrahlíð 17, en
flestir höfðu ekki komið þar
áður. Hringt var í alla
félagsmenn til að kanna áhuga
þeirra á samverustundum í
Hamrahlíð 17.

Fyrsti fundur 2015 var haldinn
13. janúar að Njarðvíkurbraut
4, og var boðið upp á súkkulaði

með þeyttum rjóma og kleinur,
við góðar undirtektir. Tveir
boðaðir fundir féllu niður vegna
þess að arfavitlaust veður var á
Suðurnesjum. Haldnir voru
fimm stjórnarfundir og farið
tvisvar í Opið hús á laugardegi í
október og desember. Einnig
var farið á þorrablót 6. febrúar
að Hamrahlíð 17.

Boðið er upp á göngu og léttar
æfingar í Reykjaneshöllinni
þrisvar í viku þar sem einn
nefndarmanna gengur þar
reglulega og býður öðrum
samfylgd.

Samþykkt var að stefna á að
ganga í kringum sveitarfélögin
eitt af öðru. Hefur sú áætlun
farið rólega af stað og tvær
göngur hafa verið farnar eftir
göngustígum. Sú fyrri var frá
Helguvík í smábátahöfnina og
síðari gangan frá
smábátahöfninni upp á Stapa.
Ósk kom fram um að ganga
utan göngustíga og verður reynt
að mæta þeirri ósk.

Kveðja,
María Hauksdóttir

Skýrsla Retina Ísland

Retina Ísland, sem í almennum tali er gjarnan kallað RP-deild, hefur það að markmiði að vera vettvangur fyrir þá sem eru með arfgenga, ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra, með áherslu á fræðslu og jafningjastuðning. Deildin stendur fyrir atburðum mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Auk þess tekur deildin þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Stjórn deildarinnar skipa Sigþór U. Hallfreðsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Elín Bjarnadóttir ritari og Alexander Hrafnkelsson og Haraldur Matthíasson meðstjórnendur.

Vetrarstarfið hófst með norræna RP-fundinum sem að þessu sinni var haldinn hér á landi í umsjón deildarinnar. Fundurinn var haldinn dagana 11.–12. september og sóttu hann fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum auk Færeyja. Í tengslum við norræna

samráðsfundinn var efnt til opinnar ráðstefnu í Hamrahlíð 17 þar sem starfsmenn á vegum ÞPM, Blindrafélagsins og dr. Þór Eysteinnsson héldu erindi. Einnig var farið í mjög fróðlega heimsókn til DeCode Genetics.

Deildin stendur fyrir tveimur fræðslufundum á starfsárinu með fyrirlesurum frá erfða- og sameindalíffræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Á þann fyrri sem haldinn var í október kom Jón Jóhannes Jónsson yfirlæknir og hélt fyrirlestur um starfsemi deildarinnar og meðferðar- og lækningaúrræði byggð á erfðatækni og á þeim síðari, í mars, mun Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi flytja erindi.

Formanni deildarinnar var boðið á fund hjá Norðurlandsdeild þann 24. október til að kynna starfsemina og hitta félagsmenn af svæðinu. Var það vel til fundið af þeim norðanmönnum og vonandi verður framhald á þessum samskiptum.

Myndast hefur sú hefð í starfseminni að deildin hefur staðið fyrir óformlegum fundum yfir vetrarmánuðina þegar aðrir viðburðir eru ekki fyrirhugaðir á vegum deildarinnar.

Markmiðið er að hittast og spjalla saman á óformlegum nótum og miðla reynslu hvert til annars. Einnig hefur þetta verið vettvangur til að ná til þeirra sem eru með RP en eru ekki orðnir félagar í Blindrafélaginu. Þessir óformlegu fundir ganga undir nafninu „RP-hittingar“ og hafa yfirleitt verið haldnir á kaffihúsum eða í Hamrahlíð 17. Auk þess var í vetur farið í heimsókn til Rúnu Garðarsdóttur, félaga í RP-deildinni, sem bauð okkur heim til sín í janúar.

Í boði Retina International sótti Kristinn Halldór Einarsson ráðstefnu írsku Fighting

Blindness samtakanna sem haldin var í Dublin í nóvember. Kristni hefur verið boðin áheyrnaraðild að stjórn Retina International fram að aðalfundi samtakanna sem verður í júlí í Tævan. Með samþykki og stuðningi stjórnar Blindrafélagsins hefur verið afráðið að Kristinn muni þar bjóða sig fram til setu í stjórn Retina International. Með fulltrúa í stjórn Retina International opnast ný tækifæri sem munu án efa efla starf deildarinnar og Blindrafélagsins. En markmið samtakanna er einmitt að fylgjast með og styðja við vísindarannsóknir sem miða að því að finna mótvægi við arfgengum sjúkdómum í sjónhimnu.

Sigpór U. Hallfreðsson, formaður Retina Ísland

Ársskýrsla AMD-deildar

AMD-deild Blindrafélagsins var stofnuð á síðasta ári á fjölmönnum stofnfundi í Hamrahlíð 17. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda

einstaklinga kynnti hjálpartæki á fundinum. Formaður er Sigurður G. Tómasson. Deildin hélt einn fræðslufund síðastliðið vor þar sem Guðleif Helgadóttir hjúkrunarfræðingur flutti

fræðsluerindi. Í janúar síðastliðnum hélt deildin svo fræðslufund í samvinnu við Lionsklúbbinn Perluna sem bar yfirskriftina „Augnheilsa og mataræði“. Þar fluttu erindi Guðrún Þóra Hjaltadóttir

næringarráðgjafi og Haraldur Sigurðsson augnlæknir auk þess sem formaður sem einnig var fundarstjóri greindi frá eigin reynslusögu. Fundurinn var geysifjölmennur. Sigurður G. Tómasson

Ársskýrsla foreldradeildar

Hin hefðbundna sumaráhátíð sjóðsins Blind börn á Íslandi og foreldradeildar var haldin laugardaginn 26. júní í garðinum í Hamrahlíð 17. Veðrið lék við okkur og krakkarnir nutu sín í hoppukastalanum og í útileikjum. Blöðrulistamaður og andlitsmálari skemmtu stórum sem smáum. Haldin var tombóla og boðið var upp á pylsur, poppkorn og ís. Sumarbúðir fyrir börn á aldrinum 9–13 ára voru haldnar í Reykjadal dagana 21.–23. ágúst. Þátttakendurnir voru sjö talsins vegna skyndilegra forfalla. Dagskráin hófst með heimsókn í Ásmundarsafnið og voru stytturnar skoðaðar vel og vandlega bæði inni og úti og hægt var að príla á sumum þeirra. Svo voru ný listaverk búin til úr leir. Eftir hádegi var

farið í Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum. Þeir hugrökkustu klifruðu hæst upp og léku listir sínar. Í Reykjadal nutum við samverunnar úti og inni í mismunandi leikjum, fórum í göngutúr í markaðinn rétt hjá og syntum í sundlauginni.

Aðalfundur foreldradeildar Blindrafélagsins var haldinn miðvikudaginn 9. september í samkomusal félagsins. Í stjórn foreldradeildar voru kosin Ísak Jónsson, formaður, Helga Margrét Björnsdóttir og Sigurjón Einarsson. Ísak er faðir Bjarka sem er með augnsjúkdóminn x-linked retinoschisis, Sigurjón er afi Arons Fannars og Gabriels Daða sem eru einnig með þann augnsjúkdóm og Helga Margrét er móðir Margrétar Helgu. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum flutti Sólveig

Norðfjörð sálfræðingur fyrirlestur um uppeldi barna og gaf ýmis hagnýt ráð í tengslum við það.

Mánudaginn 28. september var haldið pítsu- og spilakvöld á 2. hæð í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Kvöldið hófst á því að börnin spreyttu sig sjálf á pítsugerðinni. Að því loknu mætti Svandís frá versluninni Spilavinir og kenndi á hin ýmsu spil sem henta sjónskertum börnum.

Í byrjun nóvember var farið í vettvangsferð í Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda

einstaklinga. Starfsmenn slökkviliðsins sögðu frá starfi sínu og sýndu tæki og búnað sem þeir nota. Börnin fengu að keyra í slökkviliðsbílnum, sprauta með brunaslöngunni og renna sér niður súluna. Að því loknu fengu allir pylsur og ís. Hið árlega jólaföndur var haldið 12. desember. Jólatré og englar voru föndruð, búin til jólakort og piparkökur skreyttar. Svo var dansað í kringum jólatréð áður en jólasveinninn mætti til að skemmta krökkunum og gefa þeim sælgætispoka.

Ísak Jónsson,
formaður foreldradeildar
Marjakaisa Matthíasson,
starfsmaður

Ársskýrsla Ungblind

Aðalfundur Ungblind var haldinn 2. maí 2015. Þar var eftirfarandi stjórn kosin:

Formaður: Iva Marín Adrichem
Ritari: Helga Dögg Heimisdóttir
Gjaldkeri: Sigríður Hlín Jónsdóttir
Varamenn: Sandra Dögg Guðmundsdóttir og Patrekur Andrés Axelsson

Laugardaginn 9. júní hittust félagsmenn Ungblind, fóru í sund í Laugardalslaug og þar á eftir út að borða á Eldsmiðjunni. Fólk var almennt ánægt með hittinginn og þátttaka góð.

Í lok júlí fór einn félagi í Ungblind í norrænar

sumarþúðir fyrir blind og sjónskert ungmenni sem haldnar voru í Noregi.

Þátttakan var lítil vegna mikils kostnaðar sem þátttakendur þurftu að borga úr eigin vasa, t.d. matarkostnað, kostnað við gistingu og annað sem ekki var niðurgreitt.

Mánaðarlegir

kaffihúshittingar byrjuðu á ný í september. Örlitlar breytingar urðu frá því í fyrra, í staðinn fyrir að hittast síðasta miðvikudaginn í mánuði er nú alltaf hist annan miðvikudag í hverjum mánuði, en við förum á mismunandi kaffihús í hvert skipti. Mikil þátttaka hefur verið á kaffihúshittingunum. Í febrúar féll hittingurinn niður vegna óviðráðanlegra ástæðna.

Sunnudaginn 20. desember var jólafundur Ungblind haldinn í húsi Blindrafélagsins.

Þátttakan var ágæt og félagsmenn skemmtu sér vel við að búa til kakó, spila tónlist og mála piparkökur.

Þann 20. febrúar var farin ferð í Klifurhúsið. Við fengum salinn fyrir okkur og fengum tvo leiðbeinendur sem klifruðu með okkur. Allir þátttakendur höfðu vaka með sér til að leiðbeina sér með klifrið.

Eins hefur Ungblind tekið þátt í nokkrum viðburðum foreldradeildar á árinu, s.s. spilakvöldi með Spilavinum, og hafa þessir viðburðir heppnast afar vel. Það hafa allir gott og gaman af því að hitta yngstu meðlimi Blindrafélagsins.

Valdar greinar – 40. árgangur 2015

Árið 2015 komu út 24 tölublöð af Völdum greinum.

Aukaútgáfa kom út af 17. tölublaði.

Heildartími: 66 klst. og 27 mín.

Árið 2014 komu út 23 tölublöð.

Heildartími: 100 klst. og 20 mín.

Efni skiptist þannig:

Frá Blindrafélaginu og annað sem tengist málaflokknum og fleirum:

2015 45 klst. og 9 mín.

2014 44 klst. og 20 mín.
Greinar úr blöðum og
vefmiðlum:

2015 21 klst. og 12 mín.
2014 56 klst.

Innlestri blaðagreina hætt

Árið 2015 ákvað stjórn Blindrafélagsins að gera róttækar breytingar á Völdum greinum. Í lok janúar var lesara efnis úr blöðum og vefmiðlum sagt upp störfum. Í kjölfar þess var ákveðið að hætta innlestri úr blöðum frá og með 1. maí síðastliðnum. Mæltist þetta misjafnlega fyrir og hafði þó nokkur fjöldi aldraðs félagsfólks samband við ritstjóra og lýsti megnri óánægju og vonbrigðum með ákvörðun stjórnar. Eftir því sem ritstjóri kemst næst er mikill fjöldi aldraðra félagsmanna sem nýtur þess að fá lesið upp úr blöðum og vefmiðlum. Ég veit ekki hvort tölvulæsi aldraðra hjá félaginu hefur verið kannað, en full ástæða væri til þess. Í framhaldi af því var farið að þróa Valdar greinar sem innanfélagshljóðtímarit eingöngu. Lögð var jafn rík áhersla á að birta sem mest efni

úr innra starfi félagsins og eins af fundum sem haldnir voru í tengslum við málaflokkinn. Þau sem komu að gerð Valinna greina auk ritstjóra eru Þórunn Hjartardóttir, Herdís Hallvarðsdóttir, Steinunn Hákonardóttir, Baldur Snær Sigurðsson, Rósa María Hjörvar, Bergvin Oddsson og Halldór Sævar Guðbergsson. Allnokkuð er um að félagsmenn hafi samband við ritstjóra og komi með tillögur að efni. Á árinu var hafist handa um að safna saman þeim Völdu greinum sem til eru í fórum félagsins og félagsfólks. Stefnt er að því að afrita þær á stafrænt form, fara í gegnum efni þeirra og skrá. Rætt hefur verið um að varðveita eingöngu það efni sem tengist Blindrafélaginu, aðallega viðtöl og annað innanfélagsefni. Vonandi verður hægt að hefja vinnu við að fara í gegnum gamlar Valdar greinar með

skipulegum hætti og gera þær aðgengilegar félagsmönnum á einhvern hátt.

Gísli Helgason,
ritstjóri Valinna greina

Hljóðtímaritaútgáfa

Um Valdar greinar í tilefni 40 ára afmælis.
28. febrúar sl. voru liðin 40 ár frá því að Valdar greinar hófu göngu sína sem hljóðtímarit. Tvö ný hljóðver Blindrafélagsins stóðu tilbúin með tækjabúnaði og voru eiginlega ekkert notuð. Lionsklúbbur Reykjavíkur og Kiwanisklúbburinn Esja höfðu gefið segulbandstæki og fjölföldunarbúnað fyrir snældur svo að í rauninni var ekkert því til fyrirstöðu að fara að nýta búnaðinn með einhverjum hætti. Því fór fólk að velta fyrir sér hvort ekki mætti nýta hljóðverin með tækjabúnaði til einhverra hluta, félagsmönnum Blindrafélagsins til hagsbóta. Núverandi ritstjóri sem vann að hluta til sem dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu viðraði ýmsar hugmyndir og einn starfsmaður félagsins lét þau orð falla að þegar G. H. „opnaði kjaftinn, þá

fyki milljón í hverju orði“. Rósa Guðmundsdóttir var þá formaður Blindrafélagsins og þau tvö viðruðu sín á milli þá hugmynd ásamt Jóni Gunnari Arndal, Ólafi Þór Jónssyni, Arnþóri Helgasyni, Halldóri Rafnar, sem var tiltölulega nýr í Blindrafélaginu, og fleirum hversu gaman væri að gefa út hljóðtímarit. Hugmyndin fékk byr undir báða vængi og í árslok 1975 fengu þau Rósa og Gísli Svein Ásgeirsson hagfræðing á sinn fund. Sveinn var góðkunnur og vinsæll útvarpsmaður, hafði þægilega rödd, var í Lionsklúbbum Nirði og félagar þar höfðu lesið inn á einhverjar hljóðbækur. Sveinn hreifst mjög af hugmyndinni og hafist var handa. Tilgangurinn með útgáfu hljóðtímaritsins var fyrst og fremst að gefa blindu og sjónskertu fólki innsýn í þau blöð sem þá voru gefin út. Á þessum árum komu út fimm

dagblöð, Morgunblaðið, Tíminn, Vísir, Dagblaðið og Þjóðviljinn. Jafnframt skyldi stefnt að því að Valdar greinar yrðu lifandi tengiliður Blindrafélagsins við félagsmenn, birtar yrðu tilkynningar og fleira efni sem

tengdist málaflokknum. Meiningin var að félagsmenn gætu lagt til efni og birt skoðanir á ýmsum málum. Fullt nafn hljóðtímaritsins varð „Valdar greinar úr dagblöðum og tímaritum“.

Útgáfa Valinna greina – bylting í fjölmiðlun fyrir blint og sjónskert fólk

Fyrsta tölublað, snælda með Völdum greinum, kom út 28. febrúar 1976, en það var laugardagur. Sveinn Ásgeirsson reið á vaðið og las inn fyrstu tvö tölublöðin. Svo komu fleiri sjálfboðaliðar úr Lionsklúbbnum Nirði. Lesið var hálfsmánaðarlega en hlé tekið í júlímánuði. 23–24 tölublöð komu út á ári. Fyrsta árið voru áskrifendur átta, en þegar mest var urðu þeir um 160 talsins. Greitt var áskriftargjald tvisvar á ári, en frá síðustu aldamótum hafa félagsmenn sem þess óska fengið Valdar greinar sendar

sér að kostnaðarlausu. Þetta gerðist í formannstíð Halldórs Sævars Guðbergssonar. Snældurnar voru fyrst í stað sendar áskrifendum sem endursendu þær og þannig gengu þær á milli. Síðar var farið að nota svokallaðar einnota snældur fyrir útgáfuna. Rétt fyrir aldamótin 2000 var farið að fjölfalda á geisladiska. Fyrst í stað styttest Valdar greinar úr 94 mínútum niður í tæpar 80 mínútur, en eftir að farið var að fjölfalda með svokölluðu mp3-sniði hefur tíminn lengst umtalsvert.

Innlestur

Alltaf var lesið á laugardögum og önnuðust Arnþór og Gísli Helgasynir hljóðritanir og samsetningu og einstaka sinnum Gunnar Kr.

Guðmundsson og Kristín Eiríksdóttir. Ákveðinn kjarni myndaðist sem sá um innlesturinn og allt til þessa dags hafa félagar í

Lionsklúbbnum Nirði á orði að þeir sakni þessara tíma. Fljótlega fór félagið að nýta sér Valdar greinar og birtar voru ýmsar tilkynningar og fréttir frá félaginu. Stundum var sagt frá fundum og atburðum og tekin viðtöl. Formaður félagsins fór að nýta sér þær með spjalli við félaga og þannig urðu Valdar greinar og eru enn lifandi tengiliður við félagsmenn Blindrafélagsins. Mörg viðtalanna eru ómetanleg heimild um mannlíf innan félagsins allt fram á þennan

dag. Eftir því sem árin liðu fóru fleiri að nýta sér Valdar greinar, þar á meðal Blindrabókasafn Íslands, síðar Hljóðbókasafn, sem var með kynningar á nýjum hljóðbókum allt frá stofnun safnsins. Þá komu nokkrum sinnum utanaðkomandi aðilar og lásu eða fluttu efni. Má þar nefna Björn Sveinbjörnsson sem síðar varð gjaldkeri félagsins og las inn mikið af hljóðbókum í sjálfböðavinnu. Flosi Ólafsson leikari fór á kostum og fleiri lögðu lið. Allt í sjálfböðavinnu.

Launaðir ritstjórar

Þegar kom fram á árið 1982 reyndist æ erfiðara að fá sjálfböðaliða til innlestrar. Ákveðið var að ráða ritstjóra að þeim sem sæi um innlestur, en Arnþór og Gísli sáu áfram um efni frá Blindrafélaginu. Fyrsti launaði ritstjórinn var Valgerður Kristjónsdóttir sem hóf störf í september 1982. Á eftir henni voru Guðmundur Árnason, Viktor Arnar Ingólfsson, Guðríður Haraldsdóttir, Eygló Eiðsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Óttar

Proppé og Sigríður Guðmundsdóttir sem starfaði um nokkurt skeið sem þulur hjá Ríkisútvarpinu, las inn og valdi greinar í rúma tvo áratugi. Þórunn Hjartardóttir tók við af henni og las inn og valdi greinar úr dagblöðum og vefmiðlum. Dagblöðum hafði fækkað en fleiri vefmiðlar bæst við. Stjórn Blindrafélagsins ákvað að hætta innlestri blaðagreina frá og með 1. maí 2015.

Meira efni frá Blindrafélaginu

Valdar greinar þróuðust smám saman í að verða nokkurs konar innanfélagshljóðtímarit Blindrafélagsins. Æ meira fór fyrir efni frá félaginu eftir því sem starfsemin jókst. Farið var að birta hljóðritanir frá fundum og upptökum margs konar ásamt því að viðtöl við félagsfólk og ýmsa tengda málaflokknum urðu æ fyrirferðarmeiri. Því voru ráðnir ritstjórar frá félaginu sem skyldu sjá um efnistöð.

Ágústa Eir Gunnarsdóttir sinnti ritstjórn í nokkur ár. Jóhanna Kondrup var ritstjóri og Gísli Helgason hefur verið ritstjóri frá miðju ári 2010, en verið meira og minna viðloðandi hljóðritun og vinnslu þeirra frá upphafi. Valdar greinar voru gefnar út hálfsmánaðarlega, en árið 1986 tók stjórn félagsins þá ákvörðun að þær skyldu gefnar út vikulega og var það gert í um tvo áratugi. Nú koma þær út hálfsmánaðarlega og eru að jafnaði rúmar 2 klst. að lengd.

Hljóðtímaritið Tímaritsgreinar

Árið 1989 kviknaði sú hugmynd að hleypa af stokkunum nýju hljóðtímariti. Blindrafélagið hafði þá endurvakið Hljóðbókagerð sína sem hafði runnið inn í Blindrabókasafnið og innréttað nýtt hljóðver með vönduðum tækjabúnaði að Hamrahlíð 17, en hugmyndin kviknaði á milli Júlíusar P. Guðjónssonar, félaga í

Lionsklúbbum Nirði, og núverandi ritstjóra. Lesið var eingöngu úr hinum ýmsu tímaritum sem voru gefin út og valdi Júlíus efni og félagar úr Nirði lásu. Þetta hljóðtímarit var við lýði í ein þrjú ár, en þá var útgáfunni hætt. Það var ávallt á tveimur snældum, 2 klst. í senn.

Sjóðir félagsins auk styrkja og framlaga til nefnda og deilda

Stjórn Blindrafélagsins fær allmargar styrkbeiðnir á hverju ári. Stjórnin hefurmarkað sér þá stefnu að beina

styrkumsóknum í sjóði félagsins. Yfirlit yfir helstu stærðir í starfsemi sjóðanna á árin eru eftirfarandi:

Verkefnasjóður Blindrafélagsins

Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja tiltekin verkefni Stjórn Blindrafélagsins fer með stjórn sjóðsins. Samtals úthlutað til 7 verkefna.

Útborganir samtals kr. 11.7 milljónir króna. Heildartekjur á árinu voru kr. 21,6 milljónir króna. Óbundinn höfuðstóll í árslok nam kr. 88,2 milljónum króna.

Stuðningur til sjálfstæðis

Stuðningur til sjálfstæðis – Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. var stofnaður 23 mars 2011 með fimmtán milljón króna afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands til Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins þann 19. ágúst 2009. Tilgangur sjóðsins er að veita:

-Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir til fagfólks sem starfa með blindum og sjónskertum einstaklingum, eða að hagsmunamálum þeirra.

-Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.

-Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum og öðrum mikilvægum búnaði.

-Verkefnastyrkir til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

Samtals úthlutað 44 styrkjum, uppá 5,2 milljónir króna. Greitt

út á árinu 3,9 milljónir króna. Heildartekjur á árinu 0,9. milljón króna.

Óbundinn höfuðstóll í árslok nam kr. 19,6 milljónir króna.

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blint fólk á aldrinum 16 - 25 ára og/eða mennta fólk í þágu blindra og blinduvarna. Samtals úthlutað 2 styrkjum.

Útborganir samtals kr. 1.9 milljónir króna. Heildartekjur á árinu 0,9. milljónir króna. Óbundinn höfuðstóll í árslok nam kr. 29 milljónum króna

Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur

Tilgangur sjóðsins er að styrkja foreldra/forráðamenn barna allt að 18 ára aldri sem greinst hafa blind eða með alvarlega augnsjúkdóma. Sjóðurinn veitir einungis styrki vegna verkefna eða hluta sem eru ekki styrktir af almannatryggingum, félagsþjónustu sveitafélaga eða öðrum opinberum stofnunum eða sjóðum sem koma að málum blindra og sjónskertra barna.

Sjóðurinn er með sjálfstæða stjórn. Engir styrkir voru veittir á árinu. Heildartekjur á árinu voru 0,4 milljónir króna. Óbundinn höfuðstóll í árslok nam 273 þús.kr. Bundinn höfuðstóll í árslok nam 9,6 m.kr.

Blind börn á Íslandi

Hlutverk sjóðsins er að styrkja blind og sjónskert börn allt að átján ára aldri til kaupa á ýmsu

því sem getur orðið þeim til aukins þroska og ánægju í lífinu.

Samtals voru greiddir út 23 styrkir að upphæð 1.9 milljónir króna.

Heildartekjur á árinu 1,1 milljónir króna.

Óbundinn höfuðstóll í árslok nam 4,5 milljónir króna

Bundinn höfuðstóll í árslok nam 3 milljónum króna

Ársskýrsla sjóðsins Blind börn á Íslandi

Eins og venjulega voru haldnir tveir stjórnarfundir í sjóðnum Blind börn á Íslandi árið 2015. Fyrri fundurinn var haldinn 9. apríl og sá seinni 21. október. Ellefu umsóknir voru afgreiddar á vörfundinum, þrettán á haustfundinum og var heildarupphæð veittra styrkja á árinu kr. 2.279.460.

Sjóðnum hafa borist gjafir úr ýmsum áttum, samtals kr. 404.500. Undanfarin fimm ár hefur Miðlun séð um sölu öskudagssælgætis frá Sælgætisgerðinni Freyju til fyrirtækja og skilaði þessi sala sjóðnum kr. 278.100 að þessu sinni. Sjóðurinn var einnig skráður á áheitasíðu

Reykjavíkumaraþonsins og söfnuðu hlauparar kr. 213.608 með áheitum í sjóðinn.

Sumarhátíð sjóðsins var haldin í samstarfi við foreldradeild

Blindrafélagsins þann 27. júní í garði Blindrafélagsins.

Blöðrulistamaður mætti og bjó til blóm, hatta, dýr og annað skemmtilegt handa öllum, krakkarnir skemmtu sér í hoppukastalanum og hámuðu í sig poppkorn og pylsur. Veðrið var með besta móti og mættu margir í garðinn að Hamrahlíð 17. Árleg aðventuhátíð sjóðsins var haldin sunnudaginn 12. desember. Gestirnir föndruðu jólaskreytingar, dönsuðu í kringum jólatréð og jólasveinninn kom í heimsókn. Hann skemmti fólki með söng og gríni, spjallaði við börnin og töfraði síðan fram jólagjafir handa öllum.

Kveðja,
Marjakaisa Matthíasson,
starfsmaður sjóðsins Blind börn á Íslandi

Styrkir og framlög Blindrafélagsins til nefnda og deilda

Nefndir og deildir félagsins fengu úthlutað á árinu 2,5 milljónum króna til ýmissa sériverkefna á þeirra vegum.

Aðrar skýrslur

Blindravinnustofan 2015

Blindravinnustofan er vinnu-og starfsþjálfunarstaður blindra, sjónskertra og annarra fatlaðra einstaklinga.

Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa þessum einstaklingum atvinnu og starfa þar um 30 fatlaðir einstaklingar. Flestir þeirra eru í hlutastarfi. Að auki starfa þar rekstrarstjóri og tveir menntaðir starfsleiðbeinendur, þroskaþjálfari og félagsliði.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í pökkun og sölu á hreingerningarvörum undir vörumerkjum Blindravinnustofunnar. Önnur starfsemi er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir auk áfyllinga í vörustanda og ýmis innpökkunarverkefni.

Á árinu var áfram unnið markvisst að hagkvæmari innkaupum og hagstæðari flutningum til landsins. Umbúðir voru endurnýjaðar, lagerhald með þær einfaldað og teknir voru í notkun nýir pokar undir endursöluvörum Blindravinnustofunnar. Þá byrjaði vinnustofan í samstarfi við Ó. Johnson & Kaaber að pakka vörum í vörustanda. Um er að ræða sápur, tannkrem og hreinlætisefni í þar til gerða áherslustanda sem við sjáum í öllum helstu matvöruverslunum landsins. Á árinu voru tveir nýir birgjar vinnustofunnar heimsóttir til Þýskalands og viðskiptasambandið við þá innsiglað. Þá fékk stofan á haustmánuðum heimsókn frá samstarfsaðila sínum í Kína. Þessar heimsóknir voru

árangursríkar fyrir
vinnustofuna og má búast við
auknum viðskiptum við þessa
aðila á komandi misserum.
Nýr samningur við
Vinnumálastofnun var kláraður
í lok árs. Þessi nýi samningur
er gríðarlega mikilvægur fyrir
Blindravinnustofuna og hann
mun ásamt bættum rekstri
skjóta traustum fótum undir
reksturinn á komandi árum.
Algjör viðsnúningur var á
rekstri Blindravinnustofunnar
á árinu. Í fyrsta skipti í mörg ár
skilaði Blindravinnustofan
hagnaði. Hagnaður ársins af

reglulegri starfsemi var um 5,7
m.kr. Þar munar mest um að
hagræðingarverkefni eru byrjuð
að skila sér inn í reksturinn í
formi bættrar framlegðar,
söluaukning var á
smásöllumarkaði og samningar
tókust við Vinnumálastofnun
um leiðréttingar á greiðslum til
samræmis við ákvæði í gildandi
samningi.
Samkvæmt efnahagsreikningi
voru eignir félagsins um 32
m.kr. og eigið fé í árslok var um
22 m.kr. Hlutfé í árslok nam
21 m.kr. og er það allt í eigu
Blindrafélagsins.

Stutt yfirlit yfir starfsemi Hljóðbókasafns Íslands

Snemma vors 2015 opnaði
Hljóðbókasafn Íslands nýja
vefsíðu sem hafði verið í
smíðum í eitt og hálft ár.
Vefsíðan var sérstaklega unnin
með aðgengi skjálestursforrita í
huga í samvinnu við Birki
Gunnarsson. Síðan kom vel út
en safnið lét gera
aðgengisprófanir á síðunni í
samvinnu við Blindrafélagið og
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð.
Nokkrir aðilar sem nota ólík
forrit voru fengnir til að prófa
síðuna og farið var yfir
niðurstöður með

samstarfsaðilum. Síðan kom vel
út í þessum prófunum en þó
voru nokkur atriði sem þurfti að
færa til betri vegar enda er
heimasíða sem þessi í sífelldri
þróun. Hljóðbókasafnið fékk svo
tilnefningu til Íslensku
vefverðlaunanna fyrir
aðgengilegustu síðuna og lenti í
2. sæti á eftir Öryrkjabandalagi
Íslands. Á heimasíðunni er
hægt að streyma efni sem er
nýjung, en það þýðir að hægt er
að hlusta á bækur beint af
síðunni í sérstökum spilara, sé
notandi innskráður. Samhliða

nýju heimasíðunni opnaði safnið HBS-appið, smáforrit fyrir Android-síma, sem byggir líka á streymi. Þetta er í grunninn sama þjónustan og fer í gegnum vefvarp Blindrafélagsins. Í kjölfar þessara verðlauna breyttust útlán á safninu þannig að geisladiskautlán og niðurhal er nú um 10% hvort en streymi jókst um 20%. Það má segja að streymisspilarinn á netinu hafi slegið í gegn og er hann enn meira notaður en HBS-appið. Þó er sífellt verið að uppfæra og bæta appið í þeirri von að það nýtist fleirum. Þetta eru ánægjulegar breytingar og stuðla hvort tveggja að sparnaði í innkaupum á geisladiskum og útlán verða umhverfisvænni að sama skapi. Vefvarpsþjónusta safnsins gekk vel á árinu og safnið heldur áfram að bjóða upp á þema mánaðarins og nýjustu bækurnar í vefvarpinu. Lánþegar geta flutt bækur inn á vefvarpið sjálfir í gegnum heimasíðu safnsins eða hringt á safnið og óskað eftir því að bækur séu settar inn á vefvarpið. Hljóðbókasafnið hóf, sem kunnugt er orðið, innheimtu

árgjalda síðla árs 2013. Þær tekjur sem hafa skapast af þeirri innheimtu skipta sköpum fyrir safnið og eru fyrst og fremst notaðar til að auka framleiðslu safnsins á hljóðbókum fyrir þá sem ekki lesa prentað letur. Innlestur jókst um 15% á milli áranna 2014 og 2015 og markmið safnsins er að auka innlestur áfram um svipaða prósentutölu næstu árin.

Hljóðbókasafnið á í miklu og góðu norrænu samstarfi og nýtur góðs af þekkingu og framförum í nágrannalöndum okkar. Starfsfólk safnsins tekur þátt í norrænum vinnuhópum er snúa að þjónustu við lánþega, tækniframförum og sameiginlegum kaupum á þjónustu. Margir norrænir fundir voru haldnir á Hljóðbókasafninu árið 2015 enda virðist Ísland býsna eftirsótt til heimsóknna um þessar mundir. Jafnframt þykir mönnum áhugavert að fá upplýsingar um starfsemi safnsins sem þykir standa framarlega hvað þjónustu og skilvirkni varðar. Hjá Nota, danska hljóðbókasafninu, er nú verið að þróa fullkominn steymisspilara

fyrir heimasíðu ásamt nýju appi sem öll Norðurlöndin renna hýru auga til, og standa vonir til þess að söfnin á Norðurlöndunum geti notað og rekið eitt og sama appið fyrir lánþega sína, sem yrði þá fyrir allar tegundir snallsíma og sérstaklega hannað með blinda og sjónskerta notendur í huga. Hljóðbókasafnið er í samræðum við Nota um innleiðingu á þessum nýjungum með tíð og tíma en þó ekki fyrr en búíð er að fullreyna virknina annars staðar. Hljóðbókasafnið er jafnframt aðili að DAISY-samtökunum og fylgist með nýjungum og umræðum sem eiga sér stað innan þeirra. Lengi hefur staðið til að leysa DAISY-staðalinn af hólmi með nýjum staðli, EPUB3, sem á að bjóða upp á enn betra aðgengi og fjölbreyttara en áður. Hljóðbókasafnið hefur fylgst með þróun mála en enn sem

komið er virðist ekki ástæða til að breyta yfir í nýjan staðal þar sem þróunin er ekki komin nógu langt á veg. Til að mynda hefur ekki enn verið þróaður almennur EPUB3-spilari sem er þó grunnurinn að því að hægt sé að huga að breytingum. Þetta hefur legið lengi í loftinu og safnið bíður átektu. Hljóðbókasafnið gaf út 814 nýjar bækur á árinu. Þar af voru 245 lesnar innanhúss í fjórum hljóðverum, sem er tæplega 15% aukning frá árinu áður. 400 bækur á ensku voru keyptar frá RNIB í Bretlandi og 110 bækur komu frá norrænum hljóðbókasöfnum. Virkir lánþegar voru 8037 í lok árs. Nánari tölur um framleiðslu safnsins árið 2015 og ítarlegri upplýsingar um starfsemi á árinu má finna í ársskýrslu Hljóðbókasafns Íslands 2015 sem gefin verður út á hljóðbók innan tíðar.

Ársskýrsla Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Starfsárið 2015–2016 var afar viðburðaríkt ár hjá Fjólu. Á aðalfundi þann 17. apríl 2015 var Friðjón Erlendsson kjörinn formaður, Friðgeir Jóhannesson

varaformaður, Hafdís Tryggvadóttir gjaldkeri, Kristjana Garðarsdóttir meðstjórnandi og Áslaug Ýr Hjartardóttir ritari. Auk þess

voru tveir varamenn kjörnir í stjórn, Snædís Rán Hjartardóttir og Þórður Pétursson. Sjö stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu og tveir félagsfundir auk árlegs jólakaffiboðs.

Afmælisdagur Helen Keller, alþjóðlegur dagur fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, 27. júní, var haldinn með félagsfundi þann 1. júlí en vegna skorts á fjármagni fyrir félagslega táknmálstúlkaþjónustu var ekki hægt að halda hann í júní. Á þeim félagsfundi voru félaginu sett þemu og markmið sem það skyldi vinna með næstu árin. Þessi þemu eru fimm: virðing, túlkaþjónusta, félagsþjónusta, hjálpartæki og fjáröflun. Markmið innan hvers þema eru síðan allmörg og einnig leiðir að þeim.

Í júlí 2015 sigraði Snædís Rán Hjartardóttir, einn félagsmanna Fjólu, mál sem hún hafði höfðað gegn ríkinu fyrir að láta hana greiða fyrir táknmálstúlkaþjónustu. Þessi dómur var talinn vera tímamótadómur og í nóvember var haldinn annar félagsfundur þar sem dómurinn var ræddur og unnið með markmiðin fimm

sem sett voru í júlí. Eftir þennan tímamótadóm sóttu margir sem töldu ástæðu til um miskabætur vegna synjunar á nauðsynlegri túlkaþjónustu. Öllum félagsmönnum Fjólu sem sóttu um var neitað um miskabætur en svör voru ólík eftir því hvort einstaklingar höfðu sjálfir lagt út fyrir túlkaþjónustu eða ekki. Þessu máli er því ekki lokið þrátt fyrir neitanir.

Félagsmaður í Fjólu hefur lagt inn kæru til Úrskurðarnefndar félagsmála í Velferðarráðuneytinu þar sem viðkomandi var neitað um félagslega þjónustu á grundvelli aldurs. Við bíðum niðurstöðu. Síðastliðið sumar fóru tveir ungir félagsmenn Fjólu í norrænar sumarþúðir fyrir ungmenni með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem haldnar voru í Danmörku. Ekki fengu þessir félagsmenn nauðsynlega túlkaþjónustu, en leystu það með því að ráða ófaglærða túlka til fararinnar með styrk frá nokkrum góðum sjómönnum. Í október fóru síðan formaðurinn og varaformaðurinn á norrænan formannafund í Finnlandi og fengu þeir túlkaþjónustu, sem

þeir greiddu fyrir. Þetta er í fyrsta skipti sem fulltrúar Íslands hafa fengið faglærða túlka með sér á þennan fund til útlanda. Þegar á heildina er litið hefur félagið haft í nógu að snúast á árinu. Jafnframt hefur árið

verið afar lærdómsríkt og að sjálfsögðu eru fleiri spennandi og krefjandi verkefni framundan, m.a. gerð heimildarmyndar um málefni fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á Íslandi.

Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga

Starfsemi Miðstöðvarinnar árið 2015 gekk almennt vel. Meðal annars var lögð áhersla á menntun og endurmenntun starfsmanna. Ráðist var í nokkur viðamikil sérverkefni vegna blindra og sjónskertra barna og ungmenna. Premur leiðsöguhundum var úthlutað á árinu og Miðstöðin er þátttakandi í tveimur stórum Evrópuverkefnum sem fóru af stað á árinu.

Á Miðstöðinni störfuðu á árinu 30 starfsmenn í rúmlega 23 stöðugildum. Töluverð áhersla var lögð á menntun og endurmenntun starfsmanna á árinu 2015. Formleg menntun og endurmenntun starfsmanna skiptir gríðarlega miklu máli fyrir Miðstöðina til að tryggja áframhaldandi góða þjónustu og bæta við þekkingu. Eins og áður

eru enn engin tækifæri innanlands fyrir ráðgjafa Miðstöðvarinnar til þess að sækja slíka menntun og leita þarf því til erlendra háskóla og aðila til sérhæfingar. Þrír starfsmenn voru í formlegu námi, tveir í umferli og einn í sérkennslufræðum með áherslu á tölvu- og tæknimál fyrir blinda og sjónskerta. Einnig sóttu ráðgjafar ýmis endurmenntunarnámskeið og ráðstefnur.

Í árslok 2015 voru 1474 manns í skráðum ferlum eða þjónustu hjá Miðstöðinni. Sem fyrr eru eldri borgarar fjölmennasti notendahópur Miðstöðvarinnar og nær allir þeirra eru með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD). Lítil breyting er á þessum hóp milli ára, fjöldi tilvísana er svipaður

og aldursskipting hópsins helst nánast óbreytt.

Börn og ungmenni

Á árinu 2015 hefur Miðstöðin ráðist í nokkur viðamikil sérverkefni vegna blindra og sjónskertra barna og ungmenna. Meðal annars er um að ræða verkefni sem tengist börnum og ungmennum með heilatengda sjónskerðingu og svo aðlögun og framleiðslu á stærðfræðiefni fyrir verulega sjónskert börn á punktalettri. Einnig tók Miðstöðin þátt í skiptinemaverkefni fyrir blind og sjónskert ungmenni og hópur ungmenna og starfsmanna af Miðstöð fóru í kynningar- og námsferð í september síðastliðinn til Kýpur.

Miðstöðin hefur ráðið til sín einn helsta sérfræðing í Evrópu um sjónþjálfun og kennslu til barna með heilatengda sjónskerðingu, dr. Roxana Cziker frá Rúmeníu. Dr. Cziker hefur hafið störf á Miðstöðinni og mun aðstoða við uppsetningu á námi fyrir kennara og undirbúa þróunarverkefni um kennslu til barna með

heilatengda sjónskerðingu.

Verkefnið hefur farið mjög vel af stað og nú þegar er búið að hitta og greina um 20 börn af þeim 49 börnum sem stóð til að greina. Miðað við hvernig verkefnið fer af stað er verið að áætla að fjöldi barna verði meiri.

Þá hefur Miðstöðin unnið ötullega á árinu að sérstöku verkefni um aðlögun og hönnun námsefnis í stærðfræði fyrir verulega sjónskert börn. Með því að útbúa sérhæft námsefni þar sem lögð er áhersla á þreifimyndir og skilning á grunnatriðum stærðfræðinnar án þess að nýta eða treysta á sjónina er þeim sem eru verulega sjónskertir gefið tækifæri til jafns aðgangs að því sem lagt er fyrir hinn fullsjáandi nemanda og jafnrétti til náms þar með aukið. Mikil ánægja hefur verið með hvernig til tókst við gerð þessa námsefnis í stærðfræði og stefnt er að því að halda þeirri vinnu áfram.

Hjálpartæki og endurgreiðslur

Á árinu 2015 var hjálpartækjum úthlutað og endurgreitt fyrir gleraugu fyrir börn fyrir 81 m.kr. Eins og árið á undan er mest úthlutað af gleraugum og stækkunarglerjum, þá hljóðspilurum og vefvarpi, talgervli og stækkunartækjum. Í febrúar var íslenski hundurinn Bono afhentur en hann er þjálfaður af leiðsöguhundabjálfa Miðstöðvarinnar. Bræðurnir


Zören og Oliver voru keyptir frá Svíþjóð og afhentir í september. Tveir leiðsöguhundar fóru á eftirlaun í kjölfarið og hafa fengið heimili hjá nýjum eigendum. Blindrafélagið hefur staðið dyggilega á bak við verkefnið með fjáröflun frá því að verkefnið fór af stað og Lions-hreyfingin á Íslandi stóð fyrir landssöfnun með sölu á Rauðu fjöðrinni til styrktar verkefninu á árinu.

Bókagerð og framleiðsla námsefnis

Fjöldi bóka og bókapantana heldur áfram að aukast á milli ára og jókst um 3% á árinu 2015. Flestar pantanir eru frá háskólanemum en mikil aukning hefur verið í pöntunum fyrir grunnskólanema á árinu. Framleiðsludeild stóð einnig fyrir átaki í kynningu á

punktalettri með því að heimsækja grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu sem óska eftir því að fá slíka kynningu. Allir skólar fá senda bók á punktalettri, plakat með stafrófinu á punktalettri og bækling um punktaletur.

Skipting pantana eftir skólastigum		
Leikskóli	61	4,7%
Grunnskóli	501	39%
Framhaldsskóli	187	14,5%
Háskóli	524	40,8%
Annað	13	1,0%
Samtals	1286	



Þróunarverkefni

Miðstöðin er þátttakandi í nokkrum þróunarverkefnum. Stærst þeirra er *Sound of Vision* sem er verkefni í samvinnu við Háskóla Íslands ásamt aðilum frá fjórum öðrum Evrópulöndum. Verkefnið sem er til þriggja ára gengur út á að hanna búnað fyrir sjónskerta og blinda einstaklinga til að þeir geti skynjað hluti úr umhverfinu. Í stað þess að fá upplýsingar með sjóninni á

tækið að gefa upplýsingar um umhverfið, annars vegar með hljóði og hins vegar snertingu, m.a. með titringi.

Teach CVI er þróunarverkefni sem Miðstöðin er í forstöðu fyrir og er Evrópuverkefni sjö aðila. Verkefnið gengur út á að undirbúa efni fyrir kennslu fyrir börn með heilatengda sjónskerðingu og efni til að nýta við greiningu/skimun á börnum með heilatengda sjónskerðingu.

Þakkir

Að lokum vil ég þakka Blindrafélaginu fyrir gott samstarf nú eins og endranær og við hlökkum til

áframhaldandi góðs samstarfs á komandi árum.

Þorbjörg Gunnarsdóttir,
forstjóri



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími: 525 0000
www.blind.is - Netfang: blind@blind.is